


# ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2018

**EFNISYFIRLIT**

<b>ÁVARP FORSTÖÐUMANNS</b> . . . . .	<b>4</b>
<b>TÍMAÁS</b> . . . . .	<b>6</b>
<b>STARFSEMI OG SKIPULAG</b> . . . . .	<b>13</b>
<b>SVIÐSSTJÓRAR GERA UPP ÁRIÐ</b> . . . . .	<b>17</b>
<b>SJÓÐIR</b> . . . . .	<b>21</b>
<b>ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF</b> . . . . .	<b>28</b>
<b>VIÐBURÐIR</b> . . . . .	<b>34</b>
<b>MANNAUÐUR</b> . . . . .	<b>38</b>
<b>ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL</b> . . . . .	<b>41</b>
<b>UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI</b> . . . . .	<b>44</b>
<b>REKSTUR</b> . . . . .	<b>45</b>
<b>ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2018</b> . . . . .	<b>50</b>



# ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS



## Hlutverk Rannís er að örva rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.

Þessu hlutverki sinnir Rannís með umsýslu með sjóðum, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum, auk þess að starfa með Vísinda- og tækniráði að mótun stefnu í málaflokknum. Um er að ræða mjög mikilvæg samfélagsleg

verkefni, þar sem opinberir aðilar leggja fram fé til að stuðla að þróun samfélagsins á þýðingarmiklum sviðum. Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar er meðal annars lögð áhersla á mikilvægi þessara málaflokka og hefur Rannís með höndum framkvæmd ákveðinna þátta. Samkeppnissjóðir í umsýslu Rannís eru 19 auk þess sem stofnunin tekur við og vinnur úr umsóknum um skattfrádrátt á tveimur sviðum, sem eru réttindi þeirra sem uppfylla ákveðin skilyrði og er matið því ólíkt mati á umsóknum í samkeppnissjóði. Leitast er við að meta umsóknir í samkeppnissjóði með vönduðum hætti og í samræmi við það sem best þekktist alþjóðlega. Með faglegu ferli við að velja bestu verkefni er leitast við að hámarka afrakstur þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar, hvort sem um er að ræða vísindi, nýsköpun, verðmætasköpun, gæði eða listrænan ávinning.

Alþjóðlegt samstarf þar sem kennarar, nemendur, nýsköpunarfyrirtæki eða vísindamenn fá aðgang að þekkingu, reynslu og/eða mörkuðum getur skipt sköpum fyrir viðkomandi í starfi sínu hér á landi. Árangur Íslands í alþjóðlegu samstarfi er mjög góður, fjöldi umsókna og árangur okkar í samanburði við aðrar þjóðir sýnir fram á það meðal annars í rammaáætlunum ESB; rannsóknáætluninni Horizon 2020, mennta- og æskulýðsáætluninni Erasmus+ og menningar- og kvikmyndaáætlun ESB.

Í nýrri stefnumörkun Rannís kemur fram að hlutverk Rannís er að örva rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Stefnumörkunin lítur fram á veginn til ársins 2025 og var unnin á árinu 2018.

Stefnumörkunin byggir á samtölum og fundum með starfsmönnum Rannís auk ítarlegra viðtala við fulltrúa ytri aðila sem Rannís á í nánu samstarfi við, svo sem úr háskólasamfélaginu, ráðuneytum, stofnunum og hagsmunasamtökum. Að auki var gerð netkönnun meðal hogaðila þar sem spurt var um mikilvægustu viðfangsefni Rannís í dag og til framtíðar. Við undirbúning stefnunnar var lögð áhersla á að leitast við að meta hvað það er sem skiptir mestu máli í starfi Rannís, til framtíðar til að þjóna íslensku samfélagi. Íslenskt samfélag breytist mjög ört eins og önnur vestræn samfélög, en rannsóknir, nýsköpun, menntun og menning munu hafa afgerandi áhrif á þróun samfélagsins. Hlutverk Rannís er því mikilvægt og skilgreint með eftirfarandi hætti:

- *Rannís treystir stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.*
- *Rannís styður þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum.*
- *Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.*

Í stefnunni eru sett fram þrjú gildi fyrir starfsmenn sem ætlast er til að þeir hafi í heiðri í starfi sínu; áhrif, fagmennska og samstarf. Með áhrifum er átt við að hafa áhrif til góðs í samfélaginu. Með fagmennsku er átt við nauðsyn þess að byggja starfsemina á þekkingu og faglegri umsýslu. Með samstarfi er áréttað mikilvægi þess að starfsmenn vinni saman að því að tryggja viðskiptavinum okkar bestu mögulega þjónustu og að í samstarfinu sýnum við virðingu, erum jákvæð og lausnamiðuð.

Á árinu lauk Ríkisendurskoðandi forkönnun stjórnsýsluúttektar á starfsemi Rannís miðað við tímabilið 2013 til 2018. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að könnunin leiddi hvorki í ljós ástæðu til að leggja fram tillögur til úrbóta um starfsemina né að skila til Alþingis skýrslu um úttektina.

Í stjórnsýsluúttektinni var rekstur Rannís kannaður og hvernig stofnunin rækir hlutverk sitt sem umsýslu- og þjónustustofnun og einnig var litið til þess með hvaða hætti stjórnvöld styðja við rannsóknir á sviði vísinda- og tækniþróunar á grundvelli stefnu sem mörkuð er af Vísinda- og tækniráði. Í skýrslunni er vakin athygli á mikilvægi þess að gagnasöfnun, greining og miðlun upplýsinga um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun verði eflað auk þess að leggja áherslu á mikilvægi þess að unnið verði að sjálfstæðu áhrifa- og árangursmati vegna sjóða, áætlana og ívilnana sem stofnunin hefur umsýslu með.

Unnið er að endurskoðun á lagaumhverfi vísinda, nýsköpunar og tækniþróunar hér á landi, það er um Vísinda- og tækniráð og stuðning við vísindarannsóknir og stuðning við nýsköpun og atvinnuþróun.

Mikilvægt er að horfa til framtíðar og kortleggja hvaða áskorunum samfélagið stendur frammi fyrir. Vísinda- og tækniráð leggur áherslu á eftirfarandi samfélagslegar áskoranir 2018 til 2021: Umhverfismál og sjálfbærni, Heilsa og velferð og Líf og störf í heimi breytinga. Markáætlun er stuðningsform þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu á sviðum sem sett eru í forgang. Gera má ráð fyrir að ný markáætlun taki hliðsjón af samfélagslegum áskorunum. Á Rannsóknþingi 2018 var fjallað um Markáætlunina Öndvegissetur og klasa sem var starfrækt árin 2009 til 2015. Þrjú verkefni fengu myndarlegan stuðning til uppbyggingar í sjö ár, en stefnt var að því að verkefni hefðu möguleika á

að verða framúrskarandi í alþjóðlegu samhengi. Á þinginu var gerð grein fyrir þeirri uppbyggingu sem átti sér stað og rætt um þýðingu markáætlana fyrir markvissa uppbyggingu á samfélagslega mikilvægum sviðum.

Gervigreind, sjálfvirknivæðing, stafrænir ferlar, og til dæmis loftslagsmál eru „buzz“ orð dagsins þegar horft er fram á veginn, hvort sem rætt er um fjórðu iðnbyltinguna eða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Rannsókn- og þróunarstarf hér á landi var 2,1% af vergri landsframleiðslu, svipað og hjá Norðmönnum, en mun lægra en hjá hinum norrænu þjóðunum. Samkeppnissjóðirnir hafa staðið í stað undanfarin ár en ásókn aukist mikið og er svo komið að árangurshlutfall er óviðunandi lágt. Samkeppnissjóðir gegna afgerandi hlutverki í rannsókna- og þróunarumhverfinu við að efla gæði og tryggja framgang afburða verkefna. Lítil þjóð þarf jafnframt að eiga í öfluglu alþjóðlegu samstarfi við þjóðir sem við teljum að komi sér vel fyrir þróun samfélagsins hér á landi. Öflugir samkeppnissjóðir og alþjóðlegt samstarf í rannsóknum og þróun styrkir þekkingargrunninn og leiðir til efnahagslegrar þróunar og styrkir samkeppnisstöðu landsins til framtíðar.

  
Hallgrímur Jónsson,  
forstöðumaður Rannís



Viðburðir og kynningar skipa stóran sess í starfsemi Rannís. Til að styðja við kynningarstarf á rannsóknum, nýsköpun, menntun og menningu og gera áhrif þekkingarsköpunar sýnileg, stendur Rannís fyrir ýmsum viðburðum eins og Rannsóknþingi, Vorfundi Tækniþróunarsjóðs, Vísindavöku og Nýsköpunarþingi. Þá eru haldnir kynningarfundir víða um land og tengslaráðstefnur.

Rannís á einnig þátt í að hvetja vísinda- og fræðafólk til dáða með viðurkenningum á borð við Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs í samvinnu við ráðið, Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna, Viðurkenningu fyrir vísindamiðlun í tengslum við Vísindavöku og Nýsköpunarverðlaun Íslands í samvinnu við Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Hér má líta á brot af því helsta sem bar til tíðinda í starfsemi Rannís á árinu.

## JANÚAR

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31



Ráðherra kom í heimsókn á 100. stjórnarfund Tækniþróunarsjóðs

**5** Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, sat 100. stjórnarfund Tækniþróunarsjóðs sem haldinn var í húsakynnum Nox Medical. Þar var meðal annars rætt um þróun sjóðsins og stuðningsumhverfið.

**5** Launasjóður listamanna úthlutar 371 listamanni 1600 mánaðarlaunum

**8** Rannís heldur tveggja daga námskeið á Selfossi fyrir um 50 starfsmenn landskrifstofa Erasmus+ frá 23 löndum, sem vinna við æskulýðshluta áætlunarinnar

**9** Valið á sameiginlegum vísindafélögum IASC og CAFF kynnt

Vísindafélögum CAFF (The Conservation of Arctic Flora and Fauna) og IASC (Alþjóðlega norðurskautsvísindanefndin) gefst tækifæri til að taka þátt í störfum vísindahópa IASC og CAFF.

**9** Kynningarfundur um orkuáætlun Horizon 2020 haldinn af Rannís í samvinnu við GEORG og Iceland Geothermal

**9** Kynningarfundur um tækifæri og styrki í menntahluta Erasmus+ árið 2018

**10** Framkvæmdastjórn ESB efnir til opins samráðs í tengslum við undirbúning fyrir næstu rannsókna- og nýsköpunaráætlun, Horizon Europe, sem mun taka gildi 2021

**16** Tónlistarsjóður úthlutar tæpum 50 milljónum til 58 verkefna, fyrri úthlutun

**22** Rannsóknasjóður úthlutar tæpum 900 milljónum til 63 nýrra verkefna

**22** Tilkynt um úthlutun styrkja úr Jules Verne, samstarfsverkefni Frakklands og Íslands á sviði vísinda- og tæknirannsókna

**26** Leiklistarráð úthlutar 96,5 milljónum til 17 atvinnuleikhópa

## FEBRÚAR

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28



Verðlaunahafar ásamt forseta Íslands á Bessastöðum

**1** Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum

Elín Sigríður Harðardóttir og Inga Kristín Guðlaugsdóttir, nemendur í grunnnámi vörubúnaðar við Listaháskóla Íslands, hlutu verðlaunin fyrir verkefnið Lúpína í nýju ljósi, lífrænt hráefni í umhverfissvæna afurð.

**8** Rannís gerist aðili að Academic Cooperation Association – samtökum stofnana sem fjármagna og styðja við alþjóðavæðingu háskóla í sínu heimalandi með styrkjum til nemenda- og kennaraskipta.



Starfsemi Rannís var kynnt á Framadögum

**8** Rannís tekur þátt í Framadögum í Háskólanum í Reykjavík



Rannís tók vel á móti framkvæmdastjóra NordForsk

**14** Nýr framkvæmdastjóri NordForsk, Arne Flåøyen, heimsækir Rannís

**23** Lok námskeiðsins Góð samskipti á vinnustað, með Þórkötu Aðalsteinsdóttur

## MARS

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

**6** Tveggja daga námskeið um fjármál og uppgjör Horizon 2020 verkefna

**7** Nýsköpunarsjóður námsmanna úthlutar rúmum 73 milljónum til 72 verkefna

**21** Íþróttasjóður úthlutar samtals 20 milljónum til 74 verkefna

**27** IASC tekur þátt í fjórða ársþingi EU-PolarNet, dagana 27.-28. mars



Undirritun rammasamnings um vísindasamstarf á Kárhóli

**27** Nýr rammasamningur undirritaður á milli Rannís og Heimskautastofnunarinnar um vísindasamstarf á Kárhóli í Reykjadal

## APRÍL

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

**5** IASC veitir styrki til ungra vísindamanna til að taka þátt í Polar 2018

**6** Tilkynnt um góðan árangur íslenskra fyrirtækja í rannsókn- og nýsköpunar-áætlun ESB - Horizon 2020, en Rannís hefur umsjón með áætluninni á Íslandi

**11** Úthlutun úr Þróunarsjóði námsgagna

**23** Rannís býður starfsfólki upp á heilsudaga, 23. apríl - 4. maí

**25** Fimm daga námskeið á Laugarvatni fyrir verkefnisstjóra í Erasmus+ æskulýðsverkefnum frá 12 Evrópuríkjum



Yfirstjórn COST ásamt Ástu Magnúsdóttur, ráðuneyttisjóra

**25** Fundur yfirstjórnar COST haldinn á Hótel Sögu í boði Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, 25.-26. apríl

**30** Landstengiliðir og stjórnarnefndarfulltrúar Íslands í Horizon 2020 funda með vísindafulltrúa sendiráðsins í Brussel

**30** Opnað fyrir þátttöku í 40 nýjum COST verkefnum



Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2018

**17** Rannsóknþing og afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs Dr. Páll Melsted, prófessor við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, hlaut viðurkenninguna að þessu sinni. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs, afhenti verðlaunin.

**28** Vinnufundur SiS.net landstenglanets áætlunar Horizon 2020 um vísindi í þágu samfélagsins haldinn á Íslandi, en Rannís leiðir þar samstarf 16 landa og netverk alls 38 landa

**29** Úthlutað um 47 milljónum úr Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna

**30** Hljóðritasjóður úthlutar tæpum 18 milljónum til 58 verkefna, fyrri úthlutun

## MAÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

**2** Rannís úthlutar 100 milljónum króna úr æskulýðshluta Erasmus+ áætlunarinnar til 18 verkefna

**3** Rannís heldur tveggja daga fund starfsfólks landskrifstofa Erasmus+ á öllum Norðurlöndunum sem vinna að samstarfsverkefnum



Ráðherra ávarpar ráðstefnugesti

**4** Ráðstefna um niðurstöður EUROSTUDENT VI könnunarinnar á vegum Rannís, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Landssamtaka íslenskra stúdenta um stöðu íslenskra stúdenta í alþjóðlegum samanburði

**8** IASC tekur þátt í að skipuleggja allsherjafund um "Arctic Research Hubs" á Arctic Circle Forum í Þórshöfn, Færeyjum

**9** Ársskýrsla Rannís 2017 kemur út

**9** Árshátíð starfsfólks haldin á Nauthóli

**14** Ráðstefna um eTwinning skóla í Róm, íslenskir kennarar og skólastjórnendur taka þátt

**15** Tilkynnt um úthlutun úr Tækniþróunarsjóði fyrir Hagnýtt rannsóknarverkefni og Fræ 2018

**15** Tilkynnt um úthlutun úr Nordplus áætluninni til verkefna sem hefjast á árinu 2018 Rannís hefur umsjón með Nordplus á Íslandi og hlutu fjölmargir íslenskir aðilar styrk að þessu sinni.

**16** Rannís tekur á móti sendinefnd frá menntamálaráðuneyti Eistlands

## JÚNÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

**1** Innviðasjóður úthlutar tæpum 300 milljónum til 27 verkefna



Verkefnisstjórar sem fengu styrk í skólahluta Erasmus+

**5** Rannís úthlutar um 500 milljónum króna í náms- og þjálfunarstyrki úr menntahluta Erasmus+, mennta- og æskulýðsáætlunar ESB Úthlutað var til 43 verkefna og nutu ríflega eitt þúsund einstaklingar frá skólaföfnunum, fræðsluáðilum og fyrirtækjum góðs af styrkjunum að þessu sinni.

**6** Tækniþróunarsjóður úthlutar 700 milljónum til 63 nýrra verkefna nýsköpunarfyrirtækja og frumkvöðla



Fjölmennt var á Vorfundi Tækniþróunarsjóðs

**7** Vorfundur Tækniþróunarsjóðs Hrund Gunnsteinsdóttir, formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs, stýrði fundinum. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, ávarpaði gesti. Tilkynnt var um vorúthlutun Tækniþróunarsjóðs og nýtt áhrifamat.

**15** POLAR 2018 Sameiginlegar málstofur IASC og SCAR dagana 15.-26. júní, í Sviss um vísindi á norður- og suðurskautinu.

**19** IASC birtir nýja stefnu fyrir starf sitt 2018-2023

**27** Golfmót starfsmanna Rannís haldið í Hveragerði

## JÚLÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

**3** Auglýst eftir umsóknum um ferðastyrki til íslenskra aðila sem hafa áhuga á rannsóknasamstarfi við Rúmeníu undir Uppbyggingarsjóði EES

**4** Tónlistarsjóður úthlutar um 19 milljónum til 53 verkefna, seinni úthlutun

**4** Ný útgáfa skýrslu um árangur Íslands í alþjóðlegu samstarfi kemur út

**9** EuroScience Open Forum (ESOF) í Toulouse, dagana 9.-14. júlí, þar sem Rannís var með umsjón með sýningarbás allra landstenglaverkefna Horizon 2020

## ÁGÚST

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

**8** Heimsókn japansks ráðherra til Rannís, hr. Toshiei Mizuochi, State Minister og sendiherra Japan á Íslandi Hr. Yasuhiko Kitagawa ásamt sendinefnd

**13** Kynningarfundur um Tækniþróunarsjóð og skattendurgreiðslu með Samtökum iðnaðarins



Glaðir Erasmus+ styrkþegar uppi á þaki Rannís-hússins

**30** Rannís úthlutar um 370 milljónum króna úr menntahluta Erasmus+ áætlunarinnar til 43 evrópskra samstarfsverkefna

## SEPTEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

**1** Rannís hlýtur samþykki um rafræn skil til Þjóðskjalasafns

**12** Aðalfundur Félags rannsóknastjóra haldinn hjá Rannís

**12** Rannís tekur á móti sendiherra Þýskalands á Íslandi




Heimsókn frá ráðuneyti náttúruauðlinda Kína

**13** Heimsókn fyrrum ráðherra í Kína, fulltrúa ráðuneytis náttúruauðlinda og formanns CPPCC, H.E. Jiang Daming ásamt sendinefnd

**13** Vísinda- og tækniráð efnir til opins samráðs við almenning og hagsmunaaðila um skilgreiningu þeirra framtíðaráskorana sem vísindi og rannsóknir ættu markvisst að takast á við

**25** Dagana 25.-27. september, í aðdraganda Vísindavöku, voru haldin fimm vísindakaffi en þar segir vísindafólk frá rannsóknum í kaffihúspjalli

**27** Tilkynnt um úthlutun 70 milljóna króna til 14 verkefna í æskulýðshluta Erasmus+ áætlunarinnar



Mikil stemning var á Vísindavöku

**28** Vísindavaka Rannís haldin í Laugardalshöll Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra flutti ávarp og afhenti viðurkenningu Rannís fyrir vísindamiðlun. Stjórnufræðingarnir Kári og Sævar voru með æsispennandi opunaratriði. Á vökunni var opið sýningarsvæði með lifandi vísindamiðlun og boðið var upp á stutta fyrirlestra.

**28** Viðurkenning Rannís fyrir vísindamiðlun Sjónvarpsþáttaröðin Fjár sjóður framtíðar hlaut viðurkenninguna sem afhent var á Vísindavöku 2018. Þættirnir eru framleiddir af Háskóla Íslands fyrir RÚV.

## OKTÓBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

**2** Norræn Euraxess ráðstefna haldin í Lundi, dagana 2.-3. október, með skipulagningu og þátttöku Rannís og HÍ

**2** Nýliðafræðsla Nýir starfsmenn fengu vikukynningu á hlutverki Rannís og skipulagi stofnunarinnar.



Þrjátíu ára afmæli Norplus var fagnað í Tallinn

**4** Nordplus fagnar þrítugsafmæli Haldið var upp á afmælið í Tallinn í Eistlandi og í tilefni tímamótanna var opnaður endurbættur Nordplus vefur.



Fyrirlestur dr. Elsu Björnsdóttur um betri svefn á heilsudögum

**15** Rannís býður starfsfólki upp á heilsudaga, 15.-19. október

**15** Rannís og Samtök atvinnulífsins bjóða til kynningarfundar um Markáætlun í tungu og tækni

**16** Vinnu við stefnu Rannís til 2025 lokið

**18** Endurskoðaður samningur um vísindasamstarfið við PRIC undirritaður og borðaklipping á Kárhóli

**19** Artic Circle, hringborð norðursins Rannís og IASC stóðu fyrir málstofum um norðurslóðarannsóknir, dagana 19.-21. október.



Kárhóll tekinn formlega í notkun

**22** Kínversk-íslenska rannsóknastöðin Kárhólar í Þingeyjarsveit opnar formlega Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi, opnuðu stöðina.

**22** Fundur framkvæmdanefndar IASC haldinn á Akureyri Framkvæmdanefndin bauð norðurslóðastofnunum og -skrifstofum á Akureyri til fundarins.

**27** Rannís heldur fimm daga námskeið á Laugarvatni fyrir verkefnisstjóra í Erasmus+ æskulýðsverkefnum frá 11 Evrópuríkjum



Forstjóri Kerecis tekur við Nýsköpunarverðlaunum Íslands

**31** Nýsköpunarþing og afhending Nýsköpunarverðlauna Íslands Fyrirtækið Kerecis hlaut verðlaunin í ár og veitti Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og forstjóri Kerecis, þeim viðtöku úr hendi Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Yfirskrift þingings var Nýjar lausnir – betri heilsa?

## NÓVEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

**5** Námsheimsókn þriggja landstengla Horizon 2020 áætlunarinnar um vísindi í þágu samfélagsins til Rannís, dagana 5.-6. nóvember  
Gestirnir komu frá Albaníu, Túnis og Króatíu.

**12** Rannís heldur fimm daga námskeið fyrir verkefnisstjóra í Erasmus+ æskulýðsverkefnum frá 16 Evrópuríkjum

**13** Norski sendiherrann á Íslandi heimsækir Rannís ásamt aðstoðarfólki

**14** Sendiherra ESB og sendiherrar ESB ríkja með aðsetur á Íslandi heimsækja Rannís og fræðast um störf stofnunarinnar og þátttöku í evrópsku samstarfi

**26** Verkefnafundur landstengla öryggis-áætlunar Horizon 2020 haldinn hjá Rannís, dagana 26.-27. nóvember



Vísinda- og tækniráð

**29** Opinn samráðsfundur Vísinda- og tækniráðs undir yfirskriftinni: Hverjar verða brýnustu samfélagslegar áskoranir í framtíðinni?

**30** Jólagleði starfsfólks



## STARFSEMI OG SKIPULAG

## DESEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

**3** Morgunverðarfundur um áætlanir Uppbyggingarsjóðs EES í Rúmeníu, Grikklandi og Portúgal árin 2014-2021  
Fundurinn var skipulagður af Rannís og Orkustofnun sem eru landstengiliðir Íslands fyrir Uppbyggingarsjóð EES.

**11** Námskeið í notkun samfélagsmiðla fyrir fulltrúa landstengla verkefna Horizon 2020

**12** Hljóðritasjóður úthlutar 20 milljónum til 43 verkefna, seinni úthlutun

**14** Tilkynnt um haustúthlutun Tæknipróunarsjóðs. Stjórn Tæknipróunarsjóðs samþykkti að bjóða fulltrúum 21 fyrirtækis til samninga um nýja fyrirtækjastyrki að upphæð 350 milljónir króna

**17** Gerð stofnanasamninga Rannís við BHM fagnað

**20** Jólakaffi starfsfólks

Hlutverk Rannís er að treysta stöðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Rannís styður þekkingar-samfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum, ásamt því að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

Rannís hefur umsjón með helstu samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar á Íslandi, auk samstarfsáætlana ESB og norrænna áætlana sem veita styrki til samstarfs-

verkefna, náms og þjálfunar. Á meðal sjóðanna eru Rannsóknasjóður og Tæknipróunarsjóður, sem eru tveir stærstu samkeppnissjóðir hér á landi, Erasmus+, Horizon 2020 og Listamannalaun. Samskiptanetið er stórt; skólar, stofnanir, einstaklingar og fyrirtæki auk stjórnsýslunnar tilheyra viðskipta-vinahópi Rannís.

### VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

Rannís er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs og veitir stofnunin faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu ráðsins.

Hér má sjá yfirlit yfir helstu samkeppnissjóði og sérverkefni sem Rannís hefur umsjón með

### Innlendir sjóðir

- Atvinnuleikhópar
- Barnameningarsjóður
- Hljóðritasjóður
- Innviðasjóður
- Íslenskukennsla fyrir útlendinga
- Íþróttasjóður
- Listamannalaun
- Markáætlun í tungu og tækni
- Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla
- Nýsköpunarsjóður námsmanna
- Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar
- Rannsóknasjóður
- Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara – SEF

- Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna
- Skattfrádráttur frá tekjum erlendra sérfræðinga
- Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna
- Tónlistarsjóður
- Tæknipróunarsjóður
- Vinnustaðanámssjóður
- Þróunarsjóður námsgagna
- Æskulýðssjóður

### Alþjóðastarf

- Arctic Research and Studies
- COST
- Creative Europe
- Erasmus+
- Sérverkefni Erasmus+
  - EAAL
  - ECVET
  - EPALE
  - eTwinning
  - Eurodesk
  - Euroguidance
  - Higher Education Reform
  - Kynningar á möguleikum fyrir ungt fólk
  - Euraxess
  - Evrópska tungumálamerkið
  - Horizon 2020

- ERA-net
- BlueBioeconomy ERA-Net
- GEOTHERMICA ERA-Net
- M-ERA.NET 2
- Norrænt samstarf
  - NordForsk
  - (NordicPerMed, Societal Security, Migration and Intergration)
  - Nordplus
  - NOS-HS
  - NOS-M
  - NOS-N
- Sóknarstyrkir
- Jules Verne
- Tungumálamiðstöðin í Graz
- Uppbyggingarsjóður EES

Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Forsætisráðherra er formaður ráðsins en þar sitja einnig mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Umfjöllun ráðsins á hvoru sviði um sig er undirbúin af starfsnefndum ráðsins, vísindanefnd og tækninefnd.

Vísinda- og tækninefndir hittust á sex sameiginlegum fundum og nefndirnar funduðu einu sinni á árinu í sitt hvoru lagi. Vísinda- og tækniráð fundaði fjórum sinnum á árinu, í mars, júní, september og nóvember.

Á fundi ráðsins í nóvember voru samfélagslegar áskoranir fyrir Ísland samþykktar. Hugmyndin bak við það að skilgreina samfélagslegar áskoranir er að nýta niðurstöðuna sem grunn að þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og til að nýta í einhvers konar forgangsröðun svo sem til að styðjast við í afmörkun markáætlunar. Það hefur ekki verið útfært frekar og í því sambandi þarf Vísinda- og tækniráð að leggja línurnar. Skipunartíma ráðsins lauk í árslok 2018 og verður nýtt ráð skipað fyrir tímabilið 2019-2021.


### FJÖGUR SVIÐ RANNÍS

Starfsemi Rannís skiptist í þrjú fagsvið: rannsókn- og nýsköpunarsvið, alþjóðasvið og mennta- og menningarsvið. Rekstrarsvið gengur þvert á fagsviðin og styður við starfsemi þeirra. Sameiginlegt markmið sviðanna er að efla samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila við undirbúning og framkvæmd opinberrar vísinda- og tæknistefnu og styðja við rannsóknir og nýsköpun, menntun, menningu og þróun mannauðs.

### REKSTRARSVIÐ

Hlutverk rekstrarsviðs er að sjá um fjármál, rekstur og bókhald, mannauðsmál, tölvumál, skjala- og gagnastjórnun, innri gæðamál ásamt samskipta- og kynningarmálum, móttöku viðskiptavina og rekstri mótuneytis. Árleg rekstraráætlun byggir á verkboðhaldi og er hvert verk skoðað út frá gjöldum, tekjum og tíma sem á að verja í það á komandi ári. Auk mánaðarlegra uppgjöra eru lögð fram nákvæmari ársfjórðungsleg uppgjör.

Mannauðsmál heyra undir sviðið, allt frá nýráðningum til starfsloka, umsjón með launum, árlegum starfsmannasamtölum, fræðsluáætlunum og starfsþróun starfsmanna. Jafnframt heyrir almennur skrifstofurekstur undir rekstrarsvið, þ.á.m. tölvumál, skjalastjórnun og innri gæðamál. Þá eru samskipta- og kynningarmál stór þáttur ásamt viðburðastjórnun.



Heimasíðan kallar á stöðuga vinnu árið um kring og mikil þörf er fyrir að koma efni á framfæri til markhópa gegnum samfélagsmiðla.

### RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

Rekstur tveggja stærstu samkeppnissjóða landsins er í umsjá rannsókn- og nýsköpunarsviðs, annars vegar Rannsóknasjóður fyrir rannsóknir og vísindi og hins vegar Tækniþróunarsjóður fyrir þróun og nýsköpun. Sviðið hefur auk þess umsjón með Innviðasjóði, Markáætlun fyrir tungu og tækni og Nýsköpunarsjóði námsmanna, ásamt nokkrum minni sjóðum. Starfsmenn sviðsins þjónusta stjórnir og fagråd sjóðanna, annast framkvæmd og skipulag á matsferli, samningsgerð, eftirfylgni verkefna, samskipti við umsækjendur/styrkþega og kynningar á sjóðunum. Þá staðfestir sviðið rannsóknar- og þróunarverkefni nýsköpunarfyrirtækja vegna skattfrádráttar í tengslum við rannsóknar- og þróunarkostnað.

Innan sviðsins er rekstur Gæðaráðs íslenskra háskóla, en starf ráðsins felst í að annast reglu- bundnar úttektir óháðra sérfræðinga á starfsemi háskóla og einstakra eininga þeirra. Jafnframt að efla gæðameningu innan háskóla með ráðstefnum, námskeiðum og útgáfustarfsemi í samræði við hagsmunaaðila.

Í hugbúnaðardeild starfa forritarar sem hafa það meginhlutverk að byggja upp umsýslu- og upplýsingakerfi Rannís sem eru undirstaðan að umsóknarkerfum, gagnaöflun, úrvinnslu á

umsóknargögnum og upplýsingakerfum Rannís til framtíðar. Ofan á þennan grunn hefur verið þróað fagráðskerfi fyrir matsmenn og stjórnir og er nýtt umsýslukerfi fyrir sjóðsstjóra í þróun. Kerfin eru í stöðugri þróun, en markmiðið er að þau þjóni öllum innlendum sjóðum og áætlunum sem Rannís hefur umsjón með sem og vísinda- og nýsköpunarsamfélaginu í heild.

Starfsmenn rannsókn- og nýsköpunarsviðs taka virkan þátt í öðrum verkefnum stofnunarinnar sem tengjast sérfræðisviðum hvers um sig. Þar skiptir þátttaka í umsýslu við Horizon 2020 miklu máli. Tengsl á milli innlendra samkeppnissjóða og alþjóðasviðs eru mikilvæg.

### ALÞJÓÐASVIÐ

Alþjóðasvið Rannís hefur umsjón með alþjóðasamstarfi á sviði rannsókn- og nýsköpunar og er helsta markmið sviðsins að stuðla að aukinni þátttöku íslenskra aðila í erlendum samstarfsverkefnum á þeim sviðum.

Stærsta verkefni sviðsins er umsjón með Horizon 2020 rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB á Íslandi og utanumhald um störf stjórnarnefndarfulltrúa og landstengla allra undirátætlana hennar, sem eru 19 talsins. Meirihluti stjórnarnefndarfulltrúa kemur úr vísinda- og nýsköpunarsamfélaginu en starfsmenn alþjóðasviðs hafa með höndum hlutverk landstengla. Auk þess taka starfsmenn þátt í tíu samstarfsverkefnum landstengla, en Rannís leiðir eitt slíkt samstarfsverkefni, á sviði Vísinda í þágu samfélagsins.



## Samfélagslegar áskoranir Vísinda- og tækniráðs 2018-2021

### Umhverfismál og sjálfbærni

Stuðla að því að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og markmiðum Parísarsamkomulagsins verði náð, auka skilning á og leysa helstu umhverfissvá sem Ísland stendur frammi fyrir, stuðla að notkun nýrrar tækni og nýsköpunar í sjálfbærri nýtingu auðlinda og fæðuframléiðslu.

### Heilsa og velferð

Viðhalda heilbrigði, greina og meðhöndla sjúkdóma, fylgjast með breytingum á lýðheilsu og fyrirbyggja sjúkdóma. Rannsaka hvernig unnt sé að gera fólki kleift að lifa sem best sem lengst, þannig að stuðlað sé að heilbrigðri öldrun og velferð fólks á öllum æviskeiðum á tímum örtra breytinga.

### Líf og störf í heimi breytinga

Auka þarf skilning á þeim áhrifum sem miklar og örar breytingar hafa á samfélagið, vinnumarkað og líf fólks. Þær breytingar sem hér um ræðir eru meðal annars tækni framfarir, lýðfræðilegar breytingar, fólksflutningar, breytt samskipti og breytingar á atvinnulífi.





## SVIÐSSTJÓRAR GERA UPP ÁRIÐ

Alþjóðasvið skipuleggur kynningar á Horizon 2020 og stendur fyrir fundum og námskeiðum fyrir umsækjendur og verkefnastjóra, sem miða að því að auka þátttöku og gott gengi íslenskra þátttakenda í áætluninni. Alþjóðasvið hefur umsjón með öðru Evrópusamstarfi, svo sem COST, sem Ísland hefur tekið þátt í allt frá árinu 1991. Auk þess sér alþjóðasvið um tvíhliða samstarf Íslands og Frakklands undir merkjum Jules Verne og tekur þátt í svokölluðum ERA-netum á ýmsum fræðasviðum. Þátttaka Íslands í Uppbyggingarsjóði EES á málefnasviðum Rannís, á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar er einnig á forræði sviðsins. Málefni norðurslóða hafa vaxið að umfangi og sér alþjóðasvið um hlutverk Íslands í rannsóknasamstarfi á því sviði. Loks er norrænt samstarf nokkuð umfangsmikið á alþjóðasviði en það felst aðallega í því að kynna tækifæri á vegum NordForsk, norræna rannsóknaráðsins. Loks heldur alþjóðasvið utan um úthlutun sóknarstyrkja Rannís, enda tengjast þeir gjarnan þátttöku íslenskra aðila í áætlunum þeim sem sviðið hefur umsjón með.

### MENNTA- OG MENNINGARSVIÐ

Mennta- og menningarsvið annast umsýslu með fjórum alþjóðlegum áætlunum og tólf innlendum sjóðum sem veita styrki til íslensks mennta- og menningarsamfélags, auk þess að sinna upplýsingaþjónustu og stuðningi við stefnumótun í mennta- og menningarmálum.

Alþjóðlegt samstarf er umfangsmest í starfsemi sviðsins sem rekur landskrifstofur fyrir Erasmus+ mennta-, æskulýðs- og íþróttáætlun Evrópu-

sambandsins, Nordplus menntaáætlun Norðurlanda og Creative Europe, menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins.

Í tengslum við Erasmus+ áætlunina rekur sviðið nokkur sérverkefni sem fela meðal annars í sér stuðning við rafrænt skólasamstarf, vefgátt fyrir fagfólk í fullorðinsfræðslu, upplýsingagátt fyrir ungt fólk um tækifæri í Evrópu, þjónustumiðstöð fyrir náms- og starfsráðgjafa og umsjón með evrópskum skjölum sem ætlað er að auðvelda samhæfingu prófskírteina og viðurkenninga innan Evrópu. Þá styður sviðið við stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis, meðal annars við sérfræðingateymi um umbætur á háskólastigi og starf landstengiliðar um fullorðinsfræðslu.

Sviðið rekur upplýsingastofu bæði um nám erlendis og hérlendis: rekin er vefgáttin [www.FaraBara.is](http://www.FaraBara.is) sem geymir upplýsingar fyrir innlenda aðila sem hafa áhuga á að stunda nám erlendis og vefurinn [www.studyiniceland.is](http://www.studyiniceland.is), í samstarfi við Íslandsstofu, sem geymir upplýsingar fyrir erlenda aðila sem hafa áhuga á að stunda nám hérlendis.

Á innlendum vettvangi sér mennta- og menningarsvið um þjónustu við innlenda sjóði á sviði menntunar, menningar og æskulýðs- og íþróttamála. Starfsemi sviðsins er skipt upp í fimm teymi, sem endurspegla þá ólíku markhópa sem sviðið sinnir: skólar, starfsmenntun og fullorðinsfræðsla, háskólar, æskulýðsstarf, menning og kvikmyndir.

### Rannís í hnotskurn árið 2018



**19**  
innlendir  
samkeppnisjóðir



**5**  
erlendar  
samstarfsáætlanir



**4.200**  
umsóknir



**2.000**  
verkefnastyrkir



**10.000**  
einstaklingar sem  
njóta góðs af  
starfinu



**12-13**  
milljarða króna  
stuðningur



Öflug  
upplýsingamiðlun  
og stuðningur við  
stefnumótun



**50**  
starfsmenn á  
fjórum sviðum



**Herdís Þórgrímsdóttir,**  
sviðsstjóri rekstrarsviðs

Pegar litið er yfir árið 2018 þá má segja að það hafi verið ár breytinga í starfsmannahaldi hjá Rannís. Ellefu starfsmenn létu af störfum á árinu, þar af tveir vegna aldurs, eftir að hafa starfað hjá Rannís í áratug og lengur, tveir fluttust búferlum til heimkynna sinna erlendis. Í kjölfar þessara breytinga voru störf endurskoðuð og starfsfólki gefin aukin tækifæri til starfsþróunar með því að taka að sér ný verkefni. Störfin sem út af stóðu voru auglýst laus til umsóknar. Á árinu fór töluverður tími í vinnu við þetta ferli.

Undirbúningur fyrir ný persónuverndarlög hófst strax í ársbyrjun. Ytri ráðgjafar voru fengnir til að vinna með hverju sviði og fara yfir umsýslu sjóða og verkefna sem löggjöfin hefur áhrif á.

Elisabet M. Andrésdóttir tók við starfi persónuverndarfulltrúa Rannís auk þess að gegna starfi ritara Vísinda- og tækniráðs og tekur þátt í að byggja undir alþjóðlegt samstarf innlendra rannsóknar-, nýsköpunar- og tæknisjóða sem eru í umsýslu Rannís. Aðalheiður Jónsdóttir tók við starfi sviðsstjóra alþjóðasviðs af Elísabetu.

Í lok árs 2018 skrifaði Rannís undir þrjá stofnana-samninga við nokkur aðildafélög BHM: Fræðagarð, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga og Félag íslenskra náttúruvísindamanna.

Rannís fékk samþykki Þjóðskjalasafns fyrir rafrænum skilum frá og með 1. september 2018. Þessi áfangi krafðist undirbúnings og endurskoðunar á þeim skjalakerfum sem Rannís nýtir.

Nýtt áætlunarkerfi ríkisins, AKRA, var tekið í gagnið síðla árs 2018. Það gerði kröfu um annars konar vinnubrögð við hina árlegu áætlanagerð. Rannís byggir starfsemi sína á verkþókhaldi og því nauðsynlegt að mæta því.

Tveir starfsmenn fengu námsleyfi til að stunda formlegt nám á sínu sviði og vörðu samtals í það um 630 vinnustundum. Auk þess var varið rúmlega 60 vinnustundum í námskeið um verkefnastjórnun sem nokkrir starfsmenn sóttu. Alls voru skráðar 693,3 vinnustundir í námsleyfi á árinu 2018. Einnig var boðið upp á fjölda námskeiða/fyrirlestra sem hluta af fræðsluáætlun Rannís.

Skrifstofa IASC (International Arctic Science Committee) lauk í árslok 2018 sínu öðru starfsári á Íslandi og hefur reksturinn gengið ágætlega. IASC hefur aðstöðu að Borgum á Akureyri. Staðsetning skrifstofunnar eykur líkur á samstarfi við aðrar stofnanir á svæðinu sem sérhæfa sig í rannsóknum, vöktun og miðlun upplýsinga um málefni norðurslóða. En markmið IASC er að stuðla að samstarfi um rannsóknir á Norðurheimskautssvæðinu og að veita ráðgjöf til alþjóðasamfélagsins um málefni norðurslóða.

Vinna við gerð stefnumótunar hófst í lok árs 2017 og var henni haldið áfram á árinu 2018. Það var gert í samvinnu við ráðgjafa frá KPMG, tekin voru viðtöl við hagaðila og þeim einnig send rafræn könnun. Vinnufundur voru haldnir með starfsfólki, bæði almennir og einnig var fundað með hverju sviði fyrir sig þegar skýrari mynd var komin á stefnuna. Þar varð umræðan oft markvissari og tók mið af þörfum hvers sviðs og þeim verkefnum sem það sinnir. Stefnan var formlega samþykkt á haustmánuðum 2018.

Á árinu voru haldnir sex starfsmannafundir og fimm fréttafundir hjá Rannís. Fréttafundirnir eru stuttir óformlegir morgunverðarfundir, þar sem hver og einn getur kvatt sér hljóðs og sagt frá því sem er á döfinni hverju sinni.

Samskiptastofa sviðsins tók þátt í og/eða stýrði í samvinnu við viðkomandi svið undirbúningi sex stærri viðburða sem heyra beint undir Rannís, það er Nýsköpunarverðlaunum forseta Íslands, vofundi Tækniþróunarsjóðs, Rannsóknþingi og afhendingu Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs, Vísindavöku, Nýsköpunarþingi og afhendingu Nýsköpunarverðlauna Íslands, ásamt opnum samráðsfundi um samfélagslegar áskoranir. Góð aðsókn var á alla þessa viðburði og notast var við vef- og samfélagsmiðla til kynningar á þeim.

Heilsudagar voru haldnir í lok apríl og um miðjan október, en Rannís leggur áherslu á að skapa góðan vinnustað þar sem starfsfólki líður vel og eru heilsudagar líður í því.

Árshátíð Rannís var haldin í maí með tilheyrandi hópefli, sem hófst á ljósmyndaratleik og endaði á bogfimi áður en haldið var í gyls og glamúr á Nauthóli.

Jólagleði Rannís var haldin þann 30. nóvember á Messanum í Grandagarði. Jólasveinninn mætti á svæðið og dreifði jólapökkum.

Á árinu 2018 hefur rekstrarsvið náð nokkrum stórum áföngum sem munu fylgja starfseminni inn í framtíðina, svo sem rafræn skil til Þjóðskjalasafns, gerð stofnanaþinganna, undirbúningur og innleiðing fyrir ný persónuverndarlög og síðast en ekki síst stefna Rannís til 2025.



**Sigurður Björnsson,** sviðsstjóri rannsóknar- og nýsköpunarsviðs. Síðastliðið ár var hið fyrsta í sögu stóru samkeppnis-sjóðanna, Rannsóknarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs, þar sem hlutfall veittra styrkja fór undir 20%. Þetta sýnir að vissu leyti hversu mikil gróska er í rannsóknnum og nýsköpun hér á landi, en að sama skapi að þörfin fyrir aukið fé í samkeppnissjóðina er mikil. Umsóknnum fjölgaði um 27% í Rannsóknarsjóð sem styrkti 18% umsókna. Fjölgun umsókna í

Tækniþróunarsjóð var um 17% og voru 17% umsókna styrktar. Í heildina voru þessir tveir sjóðir með tæpa fimm milljarða króna til ráðstöfunar á árinu. Sjóðirnir voru reknir með sama sniði og árið áður og alls komu um áttatíu fagráðsmenn að mati umsókna auk hátt í átta hundruð ytri matsmanna.

Auknum umsvifum sjóðanna hefur verið mætt með fjölgun starfsmanna, nýr hugbúnaðarsérfræðingur bættist við hugbúnaðarteymið á vormánuðum, en það er rekið innan sviðsins, og nýr sérfræðingur á haustmánuðum. En meginmáli skiptir þó sú áhersla sem lögð var á þróun nýrra umsókna- og fagráðskerfa til að halda í við aukin verkefni. Allir fagráðsmenn, jafnt innri sem ytri, nota nú rafrænt fagráðskerfi og í raun er öll vinnsla umsókna orðin pappírslaus.

Rannsóknarsjóður bauð upp á fjórar tegundir styrkja og höfðu umsækjendur val á milli sjö mismunandi fagráða. Mat umsókna er unnið eftir ströngustu reglum um jafningjamat.

Áhrifamat á Tækniþróunarsjóði fyrir styrki veitta árin 2009-2013 var kynnt á vofundi sjóðsins í byrjun júní, en stefnt er að því að framkvæma slíkt mat fyrir hver fimm ár í senn. Matið var unnið á vegum Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands, Rannsóknarmiðstöðvar um nýsköpun og alþjóðaviðskipti og Gallup og voru viðhorf um-sækjenda og styrkþega könnuð. Í skýrslunni segir meðal annars: „Styrkirnir stuðla að áþreifanlegum auði í formi aukinnar þekkingar, sjálfbærni í nýsköpun, fjölgun starfa til skemmri og lengri tíma, aukins útflutnings, eflingu tengslanets og aukins aðgengis að fjármagni annars staðar frá.“ Áhrifamatið má nálgast á vef sjóðsins.

Tækniþróunarsjóður tók virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi eins og kveðið er á um í stefnu Vísinda- og tækniráðs. Stuðningurinn hefur einkum beinst að þeim sviðum þar sem Ísland hefur reynslu og þekkingu fram að færa, og við getum miðlað til annarra landa, en jafnframt sótt okkur nýja þekkingu og reynslu með þátttöku í slíkum verkefnum. GEOTHERMICA, samstarfsnet í jarðvarma, úthlutaði styrkjum til fjögurra verkefna með íslensku þátttöku upp á 1,4 milljónir evra, samningur um samstarfsnet í sjávarlíftækni, Blue Biotechnology, var undirritaður í lok árs og auglýst var eftir umsóknum í norrænt verkefni Personalised medicine, PerMed, með þátttöku sjóðsins.

Enn sem fyrr er skattendurgreiðsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar mikilvægur stuðningur við nýsköpun. Þetta er réttindasjóður og er það á höndum starfsmanna sviðsins að taka á móti og meta umsóknir. Lögum um skattendurgreiðsluna var breytt á árinu þannig að efri mörk kostnaðar sem samþykktur er til frádráttar var tvöfaldaður. Tekur þessi breyting gildi 2019. Árið 2016 voru efri mörkin

þrefölduð þannig að á þriggja ára tímabili hefur „þakið“ sexfaldað. Skattendurgreiðslan er nú að verða stærsti einstaki stuðningsþátturinn í nýsköpun hér á landi.

Markáætlun um öndvegissetur og klasa er nú lokið og var Rannsóknþingi í maí helgað verkefnum þremur sem fengu stuðning. Á þinginu voru jafnframt veitt Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs og hlaut þau að þessu sinni dr. Páll Melsted, prófessor við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. Þá hófst vinna við undirbúning nýrrar markáætlunar, annars vegar í tengslum við verkáætlun um máltækni fyrir íslensku 2018-2022 og hins vegar um samfélagslegar áskoranir. Markáætlun í tungu og tækni var sameinuð Máltækniþingi og var auglýst eftir umsóknum á haustmánuðum og úthlutað á nýju ári. Meginlínur nýrrar Markáætlunar um samfélagslegar áskoranir voru samþykktar á fundi Vísinda- og tækniráðs í lok nóvember og munu nýjar nefndir ráðsins ganga frá skilmálum nýs kalls.

Aðrir sjóðir á sviðinu sem eru öllu minni að umfangi, en mikilvægur stuðningur við vísinda- og nýsköpunar-samfélagið eigi að síður, eru Innviðasjóður, Nýsköpunar-sjóður námsmanna og Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna. Innviðasjóður tvöfaldaðist en hinir stóðu í stað. Samtals eru þessir sjóðir með tæpar fimm hundruð milljónir til umræða.

Umsvif sviðsins í heild í beinum og óbeinum styrkjum til vísinda og nýsköpunar er um átta og hálfur milljarður króna, sem er langstærsti stuðningur til þessa málaflokks sem boðið er upp á hér á landi.



#### **Aðalheiður Jónsdóttir,** sviðsstjóri alþjóðasviðs

Árið einkenndist af nokkrum breytingum, bæði faglega, meðal annars þar sem undirbúningur hófst fyrir næstu rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB og starfsemi í Uppbyggingarsjóði EES jókst nokkuð, en einnig urðu ýmsar breytingar á starfsmannahópi alþjóðasviðs. Undirrituð sneri aftur frá Brussel og tók við sem sviðsstjóri á haustmánuðum af Elísabetu Andrésdóttur sem gegnt hafði því starfi síðast liðinn áratug en hefur nú umsjón með ýmsum sérverkefnum og innra samstarfi hjá Rannís, meðal annars á sviði alþjóðasamstarfs.

Stöðugur uppgangur er í Horizon 2020 og öðru Evrópusamstarfi á sviði rannsókna og nýsköpunar, bæði hvað varðar þátttöku íslensks vísindasamfélags og mikla virkni starfsmanna alþjóðasviðs í samstarfi landstengla. Í lok árs höfðu um áttatíu milljónir evra borist til Íslands í formi styrkja úr Horizon 2020 og stöndum við okkur best í orkuáætluninni og fæðu-, landbúnaðar- og sjávarrannsóknnum, auk þess sem tekið er eftir velgengni íslenskra fyrirtækja í undiráætlun sem snýr að nýsköpun í smærri fyrirtækjum. Alþjóðasvið skipulagði nokkra kynningarfundir á árinu auk námskeiðs um fjármál og uppgjör Horizon 2020 verkefna fyrir íslenska verkefnastjóra. Alþjóðasvið tekur nú þátt í tíu samstarfsverkefnum landstengla og leiðir Rannís eitt slíkt verkefni, á sviði Vísinda í þágu samfélagsins, en sú þátttaka er einstaklega gagnleg fyrir sviðið og nýtist beint til stuðnings við íslenskt rannsóknasamfélag.

Vísindavaka Rannís sneri aftur, en alþjóðasvið Rannís hefur haft umsjón með Vísindavökunni frá upphafi og er verkefnið styrkt af mannauðsáætlun Horizon 2020 sem kennd er við vísindakonuna Marie Skłodowska-Curie. Alþjóðasvið fékk á árinu styrk til að halda Vísindavökuna til tveggja ára, en hún er helsti viðburður ársins á sviði vísindamiðlunar til almennings. Sett var á fót öflugt vísindavökuteymi með þátttöku starfsmanna allra sviða Rannís, og gaf það góða raun. Vísindavakan var að þessu sinni haldin í Laugardalshöllinni og í aðdraganda hennar skipulagði teymið fimm vísindakaffi sem vöktu mikla lukku, auk þess sem ýmsar nýjungar voru reyndar í markaðssetningu og kynningu á Vísindavökunni.

Á árinu hefur alþjóðasvið fylgst vel með stefnumótun og undirbúningi að næstu rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB, sem verður níunda í röð rammaáætlana sambandsins, en framkvæmdastjórn ESB efndi einmitt til opins samráðs af því tilefni í ársbyrjun. Áætlunin, sem hlotið hefur heitið Horizon Europe, mun byggja á miklu leyti á velgengni Horizon 2020, þótt einhverjar breytingar verði gerðar. Helst verður um að ræða aukna áherslu á nýsköpun og mikið þverfaglegt samstarf á flestum fræðasviðum til að vísindin geti betur tekist á við sumar af stærstu áskoronum heimsbyggðarinnar.

Nýr fasi Uppbyggingarsjóðs EES (2014-2021) er nú að komast á fullt, en mikill tími hefur farið í undirbúning og mótun samstarfsáætlana okkar við styrkþegaríki sjóðsins. Alþjóðasvið Rannís heldur utan um þátttöku Íslands á fjórum helstu málefnasviðum stofnunarinnar, sem eru rannsóknasamstarf í Rúmeníu, nýsköpunarsamstarf við Portúgal, samstarf á sviði menntunar í Póllandi og í menningarmálum við Tékkland. Innan sjóðsins eru ýmsir möguleikar til vaxtar og samstarfs sem vonandi eykst og dafnar á næstunni.



## SJÓÐIR

Alþjóðasviðið sá um undirbúning fundar yfirstjórnar COST, eða COST Committee of Senior Officials, í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og fulltrúa ráðuneytisins í sendiráðinu í Brussel. Fundurinn var haldinn hér á landi í lok apríl og sóttu hann rúmlega fjörutíu fulltrúar samstarfslanda COST, auk forseta COST, framkvæmdastjóra og helstu stjórnenda. COST er eitt elsta alþjóðasamstarf sem Ísland tekur þátt í og hefur verið þátttakandi allt frá árinu 1991.

Fleiri góðir gestir heimsóttu Rannís á árinu þar sem alþjóðasvið tók virkan þátt. Þar er helst að telja að sendiherrar allra Evrópuríkja á Íslandi heimsóttu Rannís á haustmánuðum og þótti þeim mikið til um velgengni Íslendinga í Evrópusamstarfi. Vinnufundur var haldinn í maí í landstenglavefnum SiS.net á sviði Vísinda í þágu samfélagsins undir Horizon 2020, þar sem Rannís leiðir samstarf sextán þjóða og enn stærra netverk nærri fjörutíu þjóða. Tilfnið var að vilryði hefur fengist fyrir áframhaldandi styrk til verkefnisins og alþjóðasviði Rannís verður áfram falið að halda utan um það. Þar verður til mikil þekking og reynsla sem nýtist beint inn í starf og þjálfun landstengla innan Horizon 2020. Einnig hýsti Rannís verkefnafund landstengla á sviði öryggisrannsókna sem haldinn var í lok nóvember. Loks má nefna að alþjóðasvið skipulagði námskeið í notkun samfélagsmiðla fyrir þá landstengla, víðs vegar að úr Evrópu, sem sjá um kynningarmál slíkra verkefna, en það var haldið í desember. Starfsmenn alþjóðasviðs tóku einnig virkan þátt í skipulagningu viðburða og vinnustofa erlendis, svo sem fjölda verkefnafunda, þátttöku landstengla Horizon 2020 á ESOF (Euroscience Open Forum) ráðstefnunni sem haldin var í Toulouse í júlí og norrænni ráðstefnu um hreyfanleika vísindafólks sem haldin var í Lundi í október.



**Ágúst Hjörtur Ingþórsson,**  
sviðsstjóri mennta- og menningarsviðs

Árið var að vanda viðburðaríkt hjá mennta- og menningarsviði og einkenndist bæði af stöðugleika og áframhaldandi vexti. Erasmus+ áætlunin er stærsta og mannaflafrekasta verkefni sviðsins og var þetta fyrsta heila rekstrarárið þar sem Rannís er með umsýslu allrar áætlunarinnar. Vel gekk að taka við þeim verkefnum sem flutt voru til sviðsins

árið 2017 og reyndist árið 2018 vera metár hvað varðar úthlutun úr Erasmus+. Er það í takt við væntingar, því fjárveitingar til áætlunarinnar aukast talsvert á tímabilinu 2018-2020. Á árinu hófst einnig undirbúningur að næstu Erasmus áætlun þar sem boðuð er enn frekari aukning á tímabilinu 2021-2027.

Annað alþjóðasamstarf sem sviðið sinnir gekk einnig vel á árinu. Nýtt tímabil í Nordplus áætluninni hófst í ársbyrjun 2018. Töluverðar breytingar urðu á tungumálahluta Nordplus, sem Rannís ber ábyrgð á, sem opnar fyrir viðtækari þátttöku og leiddi það til aukinnar eftirspurnar eins og vonast var eftir. Rannís gaf kost á því að taka við hlutverki samræmingaraðila í Nordplus, þegar Danir tilkynntu með skömmum fyrirvara á haustmánuðum að þeir gætu ekki sinnt því hlutverki lengur. Gengið var frá samkomulagi við Norrænu ráðherranefndina í desember um að Rannís tæki við rekstri aðal-skrifstofu Nordplus í ársbyrjun 2019 til næstu þriggja til fimm ára.

Stöðugleiki var í rekstri innlendra sjóða og var fjárhagslegt umfang þeirra tiltölulega óbreytt. Heildarfjöldi umsókna sem starfsfólk sviðsins tók á móti var um 2.300 sem er svipaður fjöldi og árið áður, en sótt var um nokkuð hærri upphæðir og því hægt að segja að eftirspurn hafi aukist. Mikil skilvirkni hefur náðst í starfinu og hefur framkvæmdin gengið vel. Á síðari hluta ársins var Rannís falið að hafa umsjón með nýjum Barnamenningarsjóði sem Alþingi kom á laggirnar með samþykkt þingsályktunartillögu á hátíðarfundum á Þingvöllum 18. júlí 2018. Verður fyrsta úthlutun úr sjóðnum á árinu 2019.

Ráðnir voru fjórir nýir starfsmenn til sviðsins á síðari hluta ársins vegna áætlaðrar aukningar á umfangi Nordplus starfseminnar og eTwinning verkefnisins frá ársbyrjun 2019. Við þær ráðningar var tekið mið af því að kynningarstarf verður æ umfangsmeira í starfsemi sviðsins. Á árinu var því komið á stöðugleika eftir að ný verkefni voru færð til sviðsins árið 2017 og unnið var að undirbúningi nýrra verkefna sem hefjast eiga við ársbyrjun 2019. Sviðið er vel í stakk búið til að mæta þeim tækifærum sem felast í auknum áhuga íslenskra stjórnvalda á mennta- og menningarmálum og væntanlegri aukningu í fjárveitingu í evrópskum samstarfsáætlunum.

### Yfirlitsmynd yfir umfang sjóða sem Rannís hefur umsjón með

SJÓÐIR OG ÁÆTLANIR Í UMSÝSLU RANNÍS	Fjárveiting í m.kr.	Sótt um í m.kr.	Úthlutað í m.kr.	Árangurs-hlutfall í upphæðum	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykkttra umsókna	Árangurs-hlutfall umsókna
Skattfrádráttur rannsóknna- og þróunarverkefna	2.939	**	2.939	**	444	384	*
Rannsóknasjóður – nýjar umsóknir	2.470	4.933	899	18%	342	63	18%
Rannsóknasjóður – framhaldsumsóknir			1.830		118	118	
Tækniþróunarsjóður – nýjar umsóknir	2.378	7.605	1.053	14%	631	110	17%
Tækniþróunarsjóður – framhaldsumsóknir			1.467		93	93	
Erasmus+	1.154	2.065	1.153	56%	158	113	72%
Listamannalaun***	655	3.772	629	17%	890	267	30%
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla***	360	**		**	129	41	32%
Innviðasjóður	295	679	296	44%	67	27	40%
Vinnustaðanámsjóður	245	286	286	*	171	171	*
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	160	256	148	58%	25	25	*
Styrkir til atvinnuleikhópa***	99	469	99	21%	86	19	22%
Nýsköpunarsjóður námsmanna	80	181	73	40%	171	72	42%
Nordplus Nordens Sprog	79	172	84	49%	35	24	69%
Tónlistarsjóður	72	254	69	27%	249	111	45%
Þróunarsjóður námsgagna	55	200	52	26%	120	28	23%
Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna	46	181	46	25%	58	21	36%
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara – SEF	42	49	37	77%	86	85	*
Hljóðritasjóður	41	116	38	33%	154	101	66%
Íþróttasjóður***	21	93	20	22%	109	74	68%
Æskulýðssjóður***	12	44	11	24%	64	21	33%
Skattfrádráttur frá tekjum erlendra sérfræðinga****		**		**	71	50	70%
<b>Samtals</b>	<b>11.203</b>	<b>21.355</b>	<b>11.229</b>		<b>4.271</b>	<b>2.018</b>	
<b>Áætlanir sem úthluta beint til íslenskra aðila án milligöngu Rannís</b>							
Horizon 2020****		**	3.690	**	244	68	28%
Creative Europe		**	123	**	37	21	57%
<b>Samtals</b>			<b>3.813</b>		<b>281</b>	<b>89</b>	
<b>Heildarumfang sjóða og áætlana sem Rannís þjónustar</b>			<b>15.042</b>		<b>4.552</b>	<b>2.107</b>	

Miðað var við gengi evru 128.  
 \* Árangurshlutfall umsókna á ekki við þar sem aðeins fyrirfram skilgreindir aðilar geta sótt um og fá úthlutað uppþylli þeir öll skilyrði.  
 \*\* Upphæð sem sótt er um er ekki þekkt og því ekki hægt að reikna árangurshlutfall í upphæðum.  
 \*\*\* Í þessum sjóðum er miðað við fjárlög 2019.  
 \*\*\*\* Hér eru tölur fyrir árið 2018 í stað meðaltals í ársskýrslu 2017.  
 \*\*\*\*\* 3 umsóknir óafgreiddar.  
 Tölurnar í töflunni eru námunadaðar að heilli tölu.

## SKATTFRÁDRÁTTUR RANNSÓKNA- OG PRÓUNARVERKEFNA

Á árinu bárust 203 umsóknir um skattfrádrátt vegna nýrra rannsóknna- og þróunarverkefna og 241 vegna framhaldsverkefna, en staðfest voru 152 ný verkefni og 232 framhaldsverkefni. Árið 2018 var heildarendurgreiðsla skattfrádráttar 2.939 m.kr. vegna verkefna unnin á árinu 2017. Heildarendurgreiðslan skiptist þannig að 2.315 m.kr. voru greiddar út og 624 m.kr. gengu upp í tekjuskatt fyrirtækja\*. Skattfrádráttur er réttindasjóður fyrir fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknna- og þróunarverkefna. Þeir aðilar sem uppfylla skilyrði laga um skattfrádrátt vegna rannsóknna- og þróunarkostnaðar eiga rétt á allt að 20% endurgreiðslu á þeim kostnaði í formi lægri tekjuskatts eða beinni endurgreiðslu.


Hámark viðmiðunar var hækkað 2016 fyrir rekstrarár fyrirtækja úr 100/150 milljónum í 300/450 milljónir (hærra viðmið er ef fyrirtæki uppfylla skilyrði um kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu/samstarfs). Þessi aukning hefur fyrst og fremst áhrif á skattfrádrátt til stærri aðila. Útgreiðsla úr ríkissjóði 2017 hækkaði því verulega vegna skattuppgjörs fyrirtækja sem fengu skattfrádrátt. Samþykkt hefur verið að hækka endurgreiðsluviðmiðið í 600/900 milljónir fyrir rekstrarárið 2019.

*\*Fjöldi staðfesta umsókna og upphæðir greiddar til fyrirtækja geta breyst vegna mögulegra áfrýjana umsækjenda.*

Skattfrádráttur vegna rannsóknna- og þróunarverkefna – miðað við upphæðir í m.kr. Ártal miðast við greiðslur úr ríkissjóði.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Frádráttur frá tekjuskatti	148	162	176	261	438	624
Endurgreiðsla	937	1.083	1.109	1.314	2.359	2.315
<b>Skattfrádráttur alls</b>	<b>1.085</b>	<b>1.245</b>	<b>1.285</b>	<b>1.575</b>	<b>2.797</b>	<b>2.939</b>

Skattfrádráttur rannsóknna- og þróunarverkefna



## SKATTFRÁDRÁTTUR FRÁ TEKJUM ERLENDRA SÉRFRÆÐINGA

Á árinu 2016 var lögfest breyting á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunar-fyrirtækja, þar á meðal frádráttarheimild fyrir erlenda sérfræðinga sem eru ráðnir til starfa hér á landi vegna sérþekkingar sinnar og reynslu. Rannís rekur umsóknarkerfi fyrir nefnd sem afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir ríkisskattstjóra niðurstöðuna.

### RANNSÓKNASJÓÐUR

Rannsóknasjóður bauð upp á fjórar styrktegundir; verkefnisstyrki, öndvegissstyrki, rannsóknastöðustyrki og doktorsnemastyrki en umsóknirnar eru metnar af sjö fagráðum.

Framlag ríkisins til Rannsóknasjóðs var 2.470 m.kr. og hefur verið óbreytt síðan 2016. Alls bárust 342 umsóknir í Rannsóknasjóð að þessu sinni, heldur fleiri en undangengið ár og hlutu 63 verkefni styrk eða 18% umsókna. Sótt var um 4.933 m.kr. og voru 899 m.kr. veittar eða 18% umbeðinnar upphæðar. Þessar tölur endurspeglar styrkuppheð fyrsta árs styrktra verkefna.

Alls bárust 25 umsóknir um öndvegissstyrki og voru 4 verkefni styrkt. Í flokkinn verkefnisstyrkir barst 181 umsókn og voru 33 verkefni styrkt. Innsendar umsóknir fyrir rannsóknastöðustyrki voru 63 og voru veittir 11 styrkir. Innsendar umsóknir fyrir doktors-nemastyrki voru 73 og hlutu 15 doktorsnemas styrk.

Af 395 skráðum verkefnisstjórum í umsóknum voru 216 karlar (55%) og 179 konur (45%). Fleiri en einn verkefnisstjóri getur verið skráður á sama verkefni. Alls eru 44 karlar verkefnisstjórar í styrktum verkefnum (59%) og 31 kona (41%). Árangurshlutfall karla er 20% og árangurshlutfall kvenna 17%.

Af 603 skráðum meðumsækjendum voru 347 karlar (57%) og 256 konur (43%). Alls eru 63 karlar (59%) og 43 konur (41%) meðumsækjendur í styrktum verkefnum. Árangurshlutfall karla er 18% en árangurshlutfall kvenna 17%.

Rannsóknasjóður – miðað við fjölda umsókna

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Raunvísindi og stærðfræði	51	10	20%
Verkfræði og tæknivísindi	44	9	21%
Náttúruvísindi og umhverfisvísindi	49	10	20%
Lífvísindi	45	8	18%
Klínískar rannsóknir og lýðheilsa	31	6	19%
Félagsvísindi og menntavísindi	59	9	15%
Hugvísindi og listir	63	11	18%
<b>Samtals</b>	<b>342</b>	<b>63</b>	<b>18%</b>

Rannsóknasjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árangurshl.
Raunvísindi og stærðfræði	800	131	16%
Verkfræði og tæknivísindi	676	97	14%
Náttúruvísindi og umhverfisvísindi	839	155	19%
Lífvísindi	657	130	20%
Klínískar rannsóknir og lýðheilsa	386	102	27%
Félagsvísindi og menntavísindi	738	113	15%
Hugvísindi og listir	837	170	20%
<b>Samtals</b>	<b>4.933</b>	<b>898</b>	<b>18%</b>

\*Tölur eru námundaðar að heilli tölu.

### TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

Tækniþróunarsjóður bauð upp á sjö styrktarflokka á árinu; styrki til hagnýtra rannsóknaverkefna, einkaleyfastyrki, Fræ, Sprota, Vöxt, Sprett og markaðs-styrki. Sjóðurinn hafði 2.378 m.kr. til umráða skv. fjárlögum. Í töflunni hér til hliðar eru upplýsingar um fjölda umsókna og styrkja. Alls barst sjóðnum 631 umsókn í alla styrktarflokka sem er 17% aukning frá fyrra ári.

Aukning var í alla styrktarflokka nema einkaleyfa-styrki sem stóðu í stað. Langmest aukning umsókna var í markaðsstyrkjum eða 32% milli ára. Í heildina var úthlutað 1.053 m.kr. til nýrra verkefna og 1.467 m.kr. til framhaldsverkefna eða samtals 2.524 m.kr.

Sjóðurinn tekur þátt í Eurostars áætlun Evrópu-sambandsins og veitti þremur verkefnum stuðning í þeirri áætlun á árinu. Sjóðurinn kom jafnframt að undirbúningi Blue Bioeconomy ERA-Net, sem fjallar um lífhagkerfi sjávar og ferskvatns, þar sem auglýst var eftir umsóknum um rannsóknna- og þróunarverkefni undir lok árs 2018. Sjóðurinn tekur jafnframt þátt í ERA-Net Geothermica (fjögur rannsóknaverkefni í jarðhita eru með stuðning frá sjóðnum) og norrænu samstarfsverkefni, Innovations in Personalised Medicine (PerMed), en sjóðurinn veitir stuðning til þriggja rannsóknna- og þróunarverkefna í samstarfi við önnur Norðurlönd.

Á undanförunum árum hefur sjóðurinn lagt áherslu á að auka nýliðun umsækjenda í sjóðinn. Til marks um það er að mikil aukning hefur verið undanfarin ár í styrktarflokka sem eru snemma í nýsköpunar-keðjunni og eru þeir enn vaxandi. Nýir styrktarflokkar sem þjóna verkefnum snemma í nýsköpunarkeðjunni, og voru innleiddir 2016, virðast hafa heppnast ágætlega. Á árinu var mikil ásókn í markaðsstyrki í samburði við fyrri ár sem bendir til að fleiri fyrirtæki séu í stakk búin til að undirbúa markaðssókn og leggja áherslu á að styrkja markaðsinnviði sína.

Á árinu var gefin út áhrifamatsskýrsla fyrir Tækniþróunarsjóð, þar sem gerð var úttekt á sjóðnum fyrir tímabilið 2009-2013. Úttektinni var ritstýrt af Gunnari Óskarssyni við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Á árunum 2009-2013 veitti sjóðurinn styrki fyrir 4.100 m.kr. Áhrifamatið sýnir að styrkir sjóðsins voru í mörgum tilfellum forsenda þess að farið var af stað með nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt stuðluðu þeir að aukinni þekkingu, sjálfbærni í nýsköpun, fjölgun starfa, auknum útflytningi, eflingu tengslanets, auk bættis aðgengis að fjármagni annars staðar frá. Allir þessir þættir bæta samkeppnisstöðu íslenskra nýsköpunarfyrirtækja og rannsóknastofnana.

Sókn og styrkveitingar nýrra verkefna voru sem hér segir:

Tækniþróunarsjóður – miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Einkaleyfastyrkir*	29	26	90%
Hagnýt rannsóknaverkefni	58	11	19%
Fræ	90	16	18%
Sproti	187	19	10%
Vöxtur/Sprettur**	171	19	11%
Markaðsstyrkir	96	19	20%
<b>Samtals</b>	<b>631</b>	<b>110***</b>	<b>17%</b>

\*Ekki liggur fyrir hversu margar munu að lokum skila sér í innlögna einkaleyfisumsókn til viðurkenndra einkaleyfisstofa og fá greiðslu úr sjóðnum.

\*\*Af 19 verkefnum sem fengu styrk í Vexti fengu þrjú öndvegissstyrkinn Sprett.

\*\*\*Sjóðurinn styrkti jafnframt þrjú Eurostars verkefni á árinu.

Tækniþróunarsjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR*	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Hagnýt rannsóknaverkefni	782	148	19%
Fræ	130	24	18%
Sproti	1.795	188	10%
Vöxtur/Sprettur	3.987	463	12%
Markaðsstyrkir	910	189	21%
<b>Samtals</b>	<b>7.604</b>	<b>1.012**</b>	<b>13%</b>

\*Ekki liggur fyrir hversu margar umsóknir um einkaleyfisstyrk munu að lokum skila sér í innlögna einkaleyfisumsókn til viðurkenndra einkaleyfisstofa og fá greiðslu úr sjóðnum.

\*\*Sjóðurinn veitti jafnframt 41 m.kr. til þriggja Eurostars verkefna á árinu.

### ERASMUS+

Rannís tók við rekstri æskulýðshluta Erasmus+ um mitt ár 2017 og því var 2018 fyrsta heila árið sem öll áætlunin var í umsjón Rannís. Starfsemin gekk vel á árinu, umsóknum fækkaði örlítið milli ára, en sótt var um verulega hærri styrki. Fjármagn til ráðstöfunar var meira en nokkru sinni fyrr og í heildina úthlutaði Landskrifstofa Erasmus+ samtals styrkjum að upphæð um 9 milljónum evra á árinu, eða um 1.150 m.kr. til 113 verkefna. Að auki voru gerðir samningar við 30 skólaverkefni sem stýrt er í öðrum löndum. Samtals voru því gerðir 143 samningar en heildarupphæð samninga var rúmlega 9,4 milljónir evra eða um 1.200 m.kr. Það er ríflega 20% aukninga í evrum talið frá 2017. Gera má ráð fyrir að meira en 2.500 einstaklingar á öllum aldri verði á faraldsfæti næstu tvö árin með styrkjum sem úthlutað var árið 2018 úr Erasmus+ áætluninni.

Árangurshlutfall umsókna var áfram hátt sem skýrist meðal annars af því að allir íslensku háskólarnir taka þátt í nemenda- og starfsmannaskiptum og fá allir úthlutun. Samkeppnin er um hversu mikið fjármagn þeir fá. Sama á við um aðra hluta áætlunarinnar – úthlutun nemur rétt rúmum helmingi af því fjármagni sem sótt er um.

Erasmus+ miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólar*	42	29**	69%
Starfsnám	14	13	93%
Háskólar	15	13	87%
Fullorðinsfræðsla	13	7	54%
Æskulýðsstarf	74	51	69%
<b>Samtals</b>	<b>158</b>	<b>113</b>	<b>72%</b>

\*Leik-, grunn- og framhaldsskólar.  
\*\*Að auki 30 verkefni sem stýrt var af öðrum löndum.

Erasmus+ miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólar*	422	228	54%
Starfsnám	266	189	71%
Háskólar	733	411	56%
Fullorðinsfræðsla	224	76	34%
Æskulýðsstarf	420	250	60%
<b>Samtals</b>	<b>2.065</b>	<b>1.153</b>	<b>56%</b>

\*Gerðir voru samningar upp á 279 m.kr. sem er 51 m.kr. hærra en það sem veitt var í flokknum.

## LISTAMANNALAUN

Fjárveiting til starfslauna listamanna er um 655 m.kr. Úthlutað er einu sinni á ári, en auglýst er að hausti vegna starfslauna sem greidd eru af fjárlögum næsta árs á eftir. Störfum úthlutunar-nefndanna sex lauk í desember 2018. Á hverju ári eru til úthlutunar samtals 1.600 mánaðarlaun. Um verktakagreiðslur er að ræða og aðeins er greitt til einstaklinga. Fyrir árið 2019 var sótt um alls 9.611 mánuði eða 3.772 m.kr. Umsóknir voru alls 890 talsins frá einstaklingum og hópum (1.543 listamönnum). Úthlutun fengu 359 listamenn. Starfslaun listamanna eru 392.498 krónur á mánuði.

Skipting umsókna milli sjóða og árangurshlutfall var eftirfarandi:

Listamannalaun – miðað við fjölda einstaklinga

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	140	40	29%
Launasjóður tónlistarflytjenda	195	46	23%
Launasjóður rithöfunda	208	79	38%
Launasjóður myndlistarmanna	260	75	29%
Launasjóður hönnuða	66	9	14%
Launasjóður sviðslista	674	110	16%
<b>Samtals</b>	<b>1.543</b>	<b>359</b>	<b>23%</b>

Listamannalaun – miðað við upphæðir í m.kr.

	Sótt*	Veitt*	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	515	75	15%
Launasjóður tónlistarflytjenda	456	72	16%
Launasjóður rithöfunda	921	218	24%
Launasjóður myndlistarmanna	1.077	171	16%
Launasjóður hönnuða	179	20	11%
Launasjóður sviðslista	625	75	12%
<b>Samtals</b>	<b>3.773</b>	<b>631</b>	<b>17%</b>

\*Tölur eru námundaðar að heilli tölu.

## NÁMSORLOF KENNARA OG STJÓRNENDA FRAMHALDSSKÓLA

Alls bárust 129 umsóknir um Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla á árinu en umsóknirnar gilda fyrir veturinn 2019-2020. 119 framhaldsskólakennarar sóttu um orlof í eigin nafni, sem og 3 skólameistarar. Jafnframt bárust 7 umsóknir frá skólum fyrir hönd kennara.

Nefndin úthlutaði alls 39 stöðugildum til 41 einstaklinga, 37 heilum orlofum og fjórum hálfum; 34 stöðugildi fóru til kennara með einstaklingsumsóknir, þar af 2 til skólameistara, og 7 stöðugildum var úthlutað til kennara í gegnum skólaumsóknir. 26 konur fengu námsorlof að þessu sinni og 15 karlar. Meðalaldur orlofspega var tæp 55 ár og meðalstarfsaldur þeirra var rúm 20 ár.

## INNVIÐASJÓÐUR

Framlag ríkisins til Innviðasjóðs hækkaði um 89 m.kr. á milli ára og heildartekjur til sjóðsins voru 295 m.kr. árið 2018. Sjóðurinn hefur tekjur af 155 m.kr. leyfisgjaldi Happraættis Háskóla Íslands en afgangurinn af rekstrarfé sjóðsins kemur úr ríkissjóði.

Á árinu bárust alls 67 gildar umsóknir í Innviðasjóð og hlutu 27 þeirra styrki eða um 40% umsókna. Sótt var um rúmlega 679 m.kr. en tæplega 296 m.kr. voru veittar eða um 44% umbeðinnar upphæðar. Í boði voru fjórar styrktegundir: tækjakaupastyrkur, uppbyggingarstyrkur, uppfærslu-/rekstrarstyrkur og aðgengisstyrkur. Flestar umsóknir bárust um styrk til tækjakaupa eða um 57% umsókna, en umsóknum um uppbyggingarstyrki fer fjölgandi og þá fyrst og fremst til uppbyggingar gagnagrunna.

Hafin er vinna við gerð vegvísis um rannsóknainviði í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019. Eins hófst á árinu vinna við breytingar á lögum um stuðning við vísindarannsóknir þar sem meðal annars verða lagðar til breytingar á stjórn Innviðasjóðs. Vegvísirinn verður að einhverju leyti stefnumarkandi fyrir Innviðasjóð eftir breytingar á lögum.

Innviðasjóður – miðað við fjölda umsókna

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Tækjakaup	38	17	37%
Uppbygging	20	7	29%
Uppfærsla/Rekstur	7	3	29%
Aðgengi	2	0	-
<b>Samtals</b>	<b>67</b>	<b>27</b>	<b>40%</b>

Innviðasjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Tækjakaup	411	200	49%
Uppbygging	223	79	35%
Uppfærsla/Rekstur	40	17	42%
Aðgengi	5	0	0%
<b>Samtals</b>	<b>679</b>	<b>296</b>	<b>44%</b>

## VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR

Fjárveiting til Vinnustaðanámssjóðs var 245 m.kr. á fjárlögum 2018 og var það óbreytt fjárhæð frá árinu áður. Rannís hélt áfram samstarfi við IÐUNA fræðslusetur og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins um tiltekna þætti í framkvæmd styrkveitinganna. Samtals var sótt um styrki fyrir 741 nema í 22.031 viku á árinu 2018. Stjórn Vinnustaðanámssjóðs ákvað að halda sig við styrkupphæð 13.000 kr. fyrir hverja viku í vinnustaðanámum. Nam því heildarúthlutun vilyrða á árinu 309,3 m.kr.

## ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

Styrkir til íslenskukennslu fyrir útlendinga eru veittir einu sinni á ári skv. reglugerð sem samþykkt var í árslok 2015 og fer sú úthlutun fram í upphafi árs.

Alls bárust 25 umsóknir fyrir um 255,6 m.kr. og fengu allar styrk upp á samtals 138,2 m.kr. Á haustmánuðum var lýst eftir umsóknum um aukafjármagn til íslenskukennslu og sóttu 16 fyrirtæki um aukastyrk. Þau fengu öll aukafjárveitingu upp á alls 9,9 m.kr. Nam heildarfjárveiting til íslenskukennslu útlendinga á árinu því alls rúmlega 148 m.kr.

Samtals héldu viðurkenndar fræðslustofnanir 453 námskeið á árinu fyrir 5.635 nemendur með aðstoð þessara styrkja.

## STYRKIR TIL ATVINNULEIKHÓPA

Styrkir til atvinnuleikhópa haldast í hendur við úthlutun listamannalauna og eru umsóknarfrestir miðaðir við sömu dagsetningu. Félag íslenskra leikara tilnefndi sömu þrjá einstaklinga í leiklistarráð og í úthlutunarnefnd starfslaunasjóðs sviðslistafólks. Til hagræðingar þurfa leikhópar aðeins að fylla út eina umsókn til að sækja um atvinnuleikhópastyrk og listamannalaun. Fjárveiting til atvinnuleikhópa er 99 m.kr. á fjárlögum 2019. Alls bárust 86 umsóknir frá 81 hópi. Sótt var um ríflega 469 m.kr. og úthlutað var 99 m.kr. til 19 verkefna.

## NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

Nýsköpunarsjóður námsmanna er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Alls barst 171 umsókn fyrir 266 háskólanema. Sótt var um laun í 779 mannmánuði eða rúmlega 181 m.kr. Fækkar umsóknum heldur á milli ára.

Að þessu sinni úthlutaði sjóðurinn 73 m.kr. sem samsvarar 314 mannmánuðum til 108 nemenda í 72 verkefnum og er árangurshlutfall miðað við fjölda umsókna og veitta styrki um 42%.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Fjöldi umsókna	171	72	42%
Upphæðir í m.kr.	181	73	40%
Fjöldi nemenda	266	108	41%
Mannmánuðir	779	314	40%

## NORDPLUS

Á árinu bárust alls 567 umsóknir um Nordplus styrki og hlutu 369 þeirra brutargengi. Úthlutunarlutfall var 65%, sem er nærri meðaltali. Alls var úthlutað 9,4 milljónum evra sem skiptust á milli nærri 3.000 stofnana sem taka þátt í samstarfsverkefnum og námsferðum. Íslenskar stofnanir stýrðu 24 af þeim verkefnum sem fengu styrki, en því til viðbótar eru 239 dæmi um verkefni sem stýrt er af öðrum löndum þar sem íslenskar stofnanir taka þátt. Sett var nýtt met í umsóknum um styrki úr tungumálaverkefninu Nordplus sprog, þar sem 35 umsóknir bárust og sótt var um rúmar 1,36 milljónir evra.

## TÓNLISTARSJÓÐUR

Tónlistarsjóði bárust 249 umsóknir að heildarupphæð 254 m.kr. í tveimur umsóknarlotum. Umsóknarfrestir voru til 15. nóvember 2017 og 15. maí 2018. Sjóðurinn fékk 72 m.kr. úthlutað á fjárlögum 2018. Heildarupphæð styrkja á árinu er samtals um 69 m.kr. Hægt var að styrkja 111 verkefni, þar af 6 með samninga til þriggja ára.

## PRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Fjárveiting til Próunarsjóðs námsgagna nam tæplega 55 m.kr. á árinu 2018 og var óbreytt frá árinu áður. Stjórn sjóðsins ákvað að breyta upphæð hámarksstyrks frá árinu áður, eða úr 1,75 m.kr. í 2 m.kr. Eins og árið á undan sóttu flestir um hámarksstyrk.

Sjóðnum bárust 120 umsóknir og námu samanlagðar fjárbeiðnir um 200,3 m.kr. Meðalupphæð styrkbeiðna var um 1,7 m.kr. 97 umsóknir féllu undir forgangsatriði ársins sem voru þrjú: Námsefni fyrir framhaldsskóla, námsgögn fyrir innflytjendur vegna tungumálakennslu og forritun fyrir byrjendur. 23 umsóknir féllu undir önnur áhersluatriði.

Styrkir voru veittir til 28 verkefna á árinu 2018 fyrir alls 51,9 m.kr. Meðalstyrkupphæð nam 1,85 m.kr.

## STARFSLAUNASJÓÐUR SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna styrkir eingöngu ritun fræðarita á íslensku, einn opinberra sjóða á Íslandi. Styrkarið 2018 bárust 58 umsóknir í sjóðinn, heldur fleiri en undangengið ár. Alls hlaut 21 sjálfstætt starfandi fræðimaður styrk úr sjóðnum eða um 36% umsækjenda. Úthlutað var tæplega 46 m.kr. í launastyrki eða tæplega 25% umbeðinnar upphæðar. Úthlutunarhlutfall karla vegna starfslauna er 24% og hlutu 14 karlar starfslaun að upphæð rúmlega 27 m.kr. Úthlutunarhlutfall kvenna er 27% og hlutu 7 konur starfslaun að upphæð rúmlega 18 m.kr.

## SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Venju samkvæmt var boðið upp á tvær tegundir umsókna til Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara á árinu, annars vegar fyrir sumarnámskeið og hins vegar fyrir gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki. Sótt var um styrk fyrir 22 sumarnámskeið á árinu og fengu þau öll styrk. Sótt var um námskeið fyrir alls 612 kennara en þegar upp var staðið hafði 471 kennari sótt sumarnámskeiðin. Þrjú námskeið voru haldin erlendis og 19 voru haldin á Íslandi, þar af 11 hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og 8 sem dreifðust á átta aðrar stofnanir. Heildarupphæð styrkja til sumarnámskeiða að loknum uppgjörum nam 19,4 m.kr. á árinu.

61 umsókn barst um gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki á árinu frá samtals 40 stofnunum, 23 faggreinafélögum og 17 skólum. Var sótt um styrki fyrir hönd 91 einstaklings, 26 gestafyrirlesara og 65 ráðstefnubátttakenda fyrir alls 18,3 m.kr. Hlutu alls 39 stofnanir styrk fyrir samtals 26 gestafyrirlesara og 63 ráðstefnufara. Einni umsókn var hafnað. Samtals nam úthlutun vegna gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja 17,8 m.kr.

## HLJÓÐRITASJÓÐUR

Á árinu bárust samtals 154 umsóknir um hljóðritun tónlistar að heildarupphæð 116 m.kr. Sótt var um í tveimur umsóknarlutum með umsóknarfresti 15. mars og 17. september. Fjárveiting til sjóðsins á árinu var um 41 m.kr. Heildarupphæð styrkja var um 38 m.kr. og hlutu 101 verkefni styrk.

## ÍPRÓTTASJÓÐUR

Á fjárlögum voru 19,4 m.kr. til ráðstöfunar í Íþróttasjóði. Auk þess gat sjóðurinn úthlutað fjármunum vegna eldri styrkja sem höfðu ekki verið nýttir. Einn umsóknarfrestur var og bárust 109 umsóknir að upphæð 93,4 m.kr. Að tillögu

íþróttanefndar ákvað ráðherra að úthluta styrkjum til 74 verkefna að upphæð 20,1 m.kr. Þar af fengu 47 verkefni styrk til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana, 23 fræðslu- og útbreiðsluverkefni fengu styrk og 4 verkefni vegna rannsókna í íþróttufræðum. Meðalstyrkur var þannig tæplega 272.000 kr.

Íþróttasjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

Fjárveiting	19
Sótt um	93
Úthlutað	20
Árangurshlutfall í upphæðum	22%
Fjöldi umsókna	109
Fjöldi samþykktra umsókna	74
Árangurshlutfall umsókna	74

## ÆSKULÝÐSSJÓÐUR

Fjárveiting til Æskulýðssjóðs var um 9 m.kr. á fjárlögum ársins. Auk þess gat sjóðurinn úthlutað fjármunum vegna eldri styrkja sem höfðu ekki verið nýttir. Umsóknarfrestir voru tveir, 15. febrúar og 15. október. Alls bárust 64 umsóknir sem er 12 umsóknum færra en á síðasta ári, en upphæðin sem sótt var um, 44,4 m.kr., er lækkun frá árinu 2017. Styrkt var 21 verkefni að upphæð um 10,6 m.kr. sem er rúmlega 13% hækkun frá fyrra ári. Meðalstyrkur var því um 505 þúsund á verkefni.

Æskulýðssjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

Fjárveiting	9
Sótt um	44
Úthlutað	11
Árangurshlutfall í upphæðum	24%
Fjöldi umsókna	64
Fjöldi samþykktra umsókna	21
Árangurshlutfall umsókna	33%

## MARKÁÆTLUN Í TUNGU OG TÆKNI

Vinna hófst við undirbúning Markáætlunar í tungu og tækni 2018-2022. Hlutverk Markáætlunar er annars vegar að vernda og efla íslenska tungu og hins vegar að auðvelda nýtingu nýrrar samskiptatækni í íslensku samfélagi, til hagsbóta almenningi, stofnunum og fyrirtækjum. Markáætlun í tungu og tækni var sameinuð Máltækniþjóði og var auglýst eftir umsóknum á haustmánuðum. Alls bárust 15 umsóknir í Markáætlunina.

## FJÖLDI UMSÓKNA OG SAMÞYKKTRA UMSÓKNA





# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Alþjóðlegt samstarf á sviði rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar er umfangsmikið í starfsemi Rannís og mikilvægur þáttur í daglegu starfi. Evrópskt og norrænt samstarf vegur þar mest og hefur hlutverk stofnunarinnar þróað í þá átt að verða helsti þjónustuaðilinn á Íslandi við formlegt alþjóðlegt samstarf á þessum sviðum. Stofnunin sinnir nú umsýslu með fjórum helstu áætlunum sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES-samningsins.

## Helstu áætlanir sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES-samningsins

**Horizon 2020**  
rannsókn- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins

**Erasmus+**  
mennta-, æskulýðs- og iþróttáætlun Evrópusambandsins

**Creative Europe**  
menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins

**Uppbyggingarsjóður EES**  
rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

## EVROPSKAR SAMSTARFSÁÆTLANIR

### Horizon 2020

Þátttaka Íslands í Horizon 2020 hefur verið jöfn og góð og hefur heldur farið vaxandi. Frá því að áætlunin tók gildi árið 2014 og til loka ársins 2018 höfðu 10,2 milljarðar íslenskra króna fengist til íslensks vísinda- og nýsköpunarsamfélags í formi beinna styrkja til 176 verkefna úr hinum ýmsu undiráætlunum Horizon 2020. Í þessu samhengi reyndist árið 2018 happadrjúgt, einkum á sviði orkurannsókna, en nokkrir stórir styrkir hafa nýverið fallið í skaut íslenskra aðila sem stunda rannsóknir á sviði jarðvarma. Einnig hefur verið jöfn og góð

þátttaka í áætlun um fæðuöryggi, landbúnað og sjávarútveg en hefur aðeins dregist saman í heilbrigðisvísindum. Sérstaklega eftirtektarvert er að fylgjast með velgengni íslenskra nýsköpunarfyrirtækja innan undiráætlunar sem ætluð er litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Mikilvægt er að hafa í huga, að þrátt fyrir gott gengi íslenskra aðila þegar kemur að styrkveitingum úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum eins og Horizon 2020 og fleiri, þá er það ekki síst aðgangur að öflugu samstarfi og þekkingu sem skiptir máli fyrir íslenskt samfélag og hefur jákvæð áhrif til lengri tíma.

### Erasmus+

Í mennta- og æskulýðsmálum er sömu sögu að segja, áhrifin eru mun meiri en styrkveitingar segja til um. Allir íslenskir háskólar fá árlega styrki úr Erasmus+ áætluninni, auk margra framhalds- og grunnskóla og aðila í fullorðinsfræðslu og æskulýðsstarfi. Samstarfið er gagnkvæmt og fólk, þekking og nýsköpun skilar sé inn í íslenskt menntakerfi eftir mörgum leiðum. Fjöldi þeirra sem koma til Íslands er nærri helmingi meiri en þeirra sem fara, sem er til marks um það hversu mikill áhugi er á samstarfi við íslenskar stofnanir. Um 13.000 manns hafa komið á Erasmus+ styrk til Íslands á tímabilinu 2014-2018. Þannig hafa gagnkvæm skipti á nemendum og kennurum skipt mjög miklu máli við alþjóðavæðingu háskólanna og hafa stutt við aukið erlent rannsóknasamstarf þeirra og sambirtingar með evrópskum vísindamönnum.

### Creative Europe

Creative Europe styrkir skapandi greinar og eflir menningarlega fjölbreytni á sviði kvikmynda, lista og menningar. Kvikmyndahluti Creative Europe, MEDIA, hefur verið mikilvægur fyrir framleiðslu og dreifingu á íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Velgengni íslenskra kvikmynda í MEDIA áætluninni hélt áfram á árinu 2018. Samtals fóru 30 umsóknir frá Íslandi á árinu og fengu 19 þeirra brautargengi sem er rúmlega 63% árangurshlutfall en það er vel yfir meðaltali á Evrópuvísu. Þetta er til marks um sterka stöðu íslenskra aðila á þessum markaði.


Í menningarhluta Creative Europe er mikil samkeppni og árangurshlutfall umsókna fremur lágt en íslenskir aðilar hafa þó verið duglegir að taka þátt í áhuga-verðum og fjölbreyttum verkefnum. Á árinu voru tveir íslenskir aðilar í verkefnum sem fengu úthlutun úr menningarhlutanum:

- Íslenska fyrirtækið Einkofi Production tekur þátt í verkefninu NATUR: North Atlantic Tales, sem tekur til menningararfs Evrópu. Verkefnið fjallar um sameiginlega sögu Íslands, Noregs, Danmerkur og Bretlandseyja með því að bjóða listafólki að rannsaka muni, skjalasöfn og bækur í hverju landi fyrir sig og sækja sér innblástur til nýrra verka. Samstarfið er til tveggja ára; nemur styrkur til verkefnis 200.000 evrum og er hlutur Einkofa 55.000 evrum.




## Flæði Erasmus+ styrkþega til og frá Íslandi 2014-2018

Til Íslands hafa komið 12.947 frá 64 löndum og frá Íslandi hafa farið 7.421 til 64 landa.



Myndin sýnir annars vegar frá hvaða löndum flestir erlendir styrkþegar koma til Íslands og hins vegar til hvaða landa flestir íslenskir styrkþegar fara.

- Leikhópurinn RaTaTam hlaut styrk til þriggja ára vegna verkefnisins Shaking the Walls. Verkefnið er leitt af Shakespeare leikhúsinu í Gdansk í Póllandi; aðrir þátttakendur eru frá Írlandi, Englandi og Tékklandi. Hvert leikhús skilgreinir málefni í sínu heimalandi sem þarfnast umfjöllunar. Framlag RaTaTam er uppfærslan Suss sem var unnin upp úr viðtölum við þolendur og gerendur heimilisofbeldis. RaTaTam sýnir leikverkið í Ostrava árið 2019 og í Gdansk 2020.



Úr kvikmyndinni Undir trénu

**Árið var gjöfult fyrir íslensk kvikmyndafyrirtæki í MEDIA**  
Af árangri íslenskra kvikmynda ber hæst dreifingarstyrkur til kvikmyndarinnar Undir trénu, í leikstjórn Hafsteins Gunnars Sigurðssonar. Myndin fékk úthlutað 547 þús. evrum, eða 70 m.kr., til dreifingar í 29 löndum. Þetta er frábær árangur þar sem aðeins sjö kvikmyndum var úthlutað dreifingarstyrkjum að þessu sinni. Styrkurinn er meðal þeirra stærstu sem íslenskar kvikmyndir hafa fengið til dreifingar erlendis frá því að Íslendingar hófu þátttöku í MEDIA árið 1992.

rannsóknaverkefni sjálf. Á árinu 2018 bar það hæst að yfirnefndarfundur COST var haldinn á Íslandi með þátttöku 47 fulltrúa þátttökuríkja auk starfsfólks COST skrifstofunnar, en Rannís sá um skipulagninguna í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

#### Arctic Research and Studies

Áætlunin byggir á tvíhliða samstarfi milli Íslands og Noregs á sviði norðurslóðafræða og veitir hún styrki annars vegar til stúdentaskipta í háskólum á öllum námsstigum og hins vegar til samstarfs milli stofnana, einkum í formi ferðastyrkja. Að auki er styrkt Nansen prófessorsstaða við Háskólann á Akureyri en sú fjármögnun fer ekki í gegnum Rannís. Núverandi samstarfssamningur um umsjón Rannís með sjóðnum lauk á árinu 2018 og þótt síðasta úthlutun hafi verið árið 2017, fór vinna Rannís á árinu 2018 að mestu í að gera upp opna samninga og leggja línur fyrir hugsanlegt framhald fyrir næsta tímabil. Á tímabilinu 2015-2018 bárust 59 umsóknir og úthlutaðir styrkir voru 31 að upphæð alls 464.000 evrur.

#### Euraxess

Með þátttöku sinni í Evrópska rannsóknastarfsgöngu, Euraxess, sér Rannís um að miðla gagnlegum upplýsingum fyrir íslenskt og erlent vísindafólk, sem hyggst starfa í öðru landi en sínu heimalandi. Miðstöð upplýsingamiðlunarinnar er um heimasíðuna euraxess.is, þar sem hægt er að finna upplýsingar og aðstoð við vistaskipti og búferlaflutninga til Íslands, en sambærilegar vefsíður eru reknaðar í öllum aðildarlöndum Euraxess. Á árinu var haldið áfram að virkja íslenska háskóla

til þátttöku í Euraxess samstarfsnetinu, þar sem þeir eru gjarnan í nánari samskiptum við erlent vísindafólk, t.a.m. skiptikennara og fólk sem hingað kemur til að stunda rannsóknir.

#### SÓKNARSTYRKIR

Alþjóðasvið Rannís hefur umsjón með sóknarstyrkjum til undirbúnings umsókna í alþjóðlega rannsóknasjóði, en á árinu 2018 ákváðu stjórnir Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs að leggja til allt að 20 m.kr til að styrkja undirbúning alþjóðlegs vísinda- og þróunarsamstarfs með íslenskri þátttöku. Forgangur var veittur umsóknum vegna undirbúnings umsókna í Horizon 2020 rannsóknáætlun ESB, en mögulegt er að styrkja annað samstarf samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

#### ERA-NET

Samstarf íslenskra rannsóknasjóða í ERA-netum gerir íslenskum fyrirtækjum og stofnunum kleift að taka þátt í fjölþjóðlegum rannsóknaverkefnum á völdum sviðum. Rannís tekur þátt í nokkrum slíkum verkefnum sem styrkja rannsóknir og þróun. Hvert ERA-net hefur eigin áherslusvið, þátttökureglur og umsóknarfresti.

ERA-netin sem Rannís tók þátt í á árinu:

##### BlueBioeconomy ERA-Net

BlueBio er fimm ára evrópsk samstarfsáætlun sem snýr að lífhagkerfi sjávar. Vinna við áætlunina hófst á árinu. Rannís stýrir einum vinnupakka í áætluninni sem snýr að samskipta- og kynningamálum í samstarfi við Matís og þátttökulönd í áætluninni. Undir lok ársins var auglýst eftir umsóknum vegna rannsókn- og þróunarverkefna á sviðum sem snúa að lífhagkerfi sjávar. Tækniþróunarsjóður mun veita stuðning til verkefna með innlendri aðild.

**GEOTHERMICA ERA-Net** verkefnið er samstarfsverkefni 14 stofnana frá 13 löndum á sviði jarðvarma. Var úthlutað styrkjum í fyrsta sinn í apríl. Alls bárust 15 umsóknir í annarri umferð umsóknarferlisins, þar af fóru 12 í lokamat, en Rannís hafði sem fyrr umsjón með umsókna- og fagráðskerfinu. Alls eru 8 verkefni styrkt í þessari lotu, þar af 4 með íslenskri þátttöku. Tækniþróunarsjóður styrkir íslenska þátttöku.

**M-ERA.NET 2** er samstarfsnet á sviði efnistækni. Um er að ræða samstarf 32 fjármögnunaraðila frá 23 löndum innan Evrópusambandsins og EFTA, ásamt Rússlandi, Japan og Taívan. Eitt verkefni með íslenskri þátttöku er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

#### NORRÆNT SAMSTARF

Samstarf Norðurlandanna og Rannís á sér langa sögu og tekur stofnunin þátt í nefndum á vegum ráðherraráðsins auk þess að eiga gott samstarf við NordForsk og Nordic Innovation. Rannís fjármagnar nokkur verkefni á vegum NordForsk sem hafa skilað góðum ávinningi fyrir íslenskt rannsóknarsamfélag.



Þátttakendur á ráðstefnu stúdenta og annarra hagaðila um gæðamál

#### Higher Education Reform

Rannís hafði umsjón með stefnumótunarverkefninu Bologna Reform in Iceland II, sem var á forræði mennta- og menningar-málaráðuneytisins og fékk úthlutað styrk frá Erasmus+ upp á rúmlega 121.000 evrur. Verkefnið stóð í tvö ár og lauk í nóvember 2018. Markmið þess var að styðja við innleiðingu Bologna ferlisins á Íslandi, en það er fjölþjóðlegt samstarf um að efla gagnsæi, gæði og hreyfanleika á háskólastiginu. Ráðstefna var haldin þann 4. maí á vegum verkefnisins, sem leiddi saman breiðan hóp hagsmunaaðila úr háskólasamfélaginu – stúdenta, stjórnendur, ráðgjafa, alþjóðafulltrúa, gæðastjóra og yfirvöld – til að ræða tækifæri til náms erlendis í ljósi niðurstaðna Eurostudent VI könnunarinnar og sérstakrar skýrslu um flæði nemenda frá Íslandi. Alþjóðamálin voru í brennidepli í námsheimsókn Bologna-sérfræðinga og stúdenta til Finnlands í októberlok, þar sem þátttakendur kynntu sér aðgerðir háskóla og stjórnvalda til að styðja við alþjóðavæðingu.

Gæðamál háskóla voru einnig í forgrunni á árinu. Í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) var haldin gæðaráðstefna þann 13. október þar sem stúdentar og aðrir hagaðilar hlutu þjálfun í gæðamálum. Við þetta tilefni voru tvær afurðir verkefnisins kynntar: leiðarvísir fyrir stúdenta um gæðastarf háskólanna og nýtt hlaðvarp um gæði náms.

#### Nordplus

Rannís rekur landskrifstofu norrænu mennta-áætlunarinnar Nordplus þar sem Norðurlöndin skipta með sér verkum við umsýslu og Rannís ber ábyrgð á tungumálahlutanum. Rannís sér einnig um þátttöku í öðrum hlutum áætlunarinnar. Áætlunin felur í sér umtalsverðan fjölda náms- og þjálfunarferða nemenda og kennara þar sem 600-800 manns fara árlega til annarra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og svipaður fjöldi kemur hingað til lands með stuðningi Nordplus. Þá er veittur stuðningur til þróunarverkefna í menntun á öllum stigum og til samstarfsneta sem vinna saman að brýnum verkefnum innan menntageirans.



Nýtt fjögurra ára tímabil hófst árið 2018 og í árslok var gengið frá því að Rannís mun taka við sem aðalstjórnandi áætlunarinnar allrar næstu þrjú til fimm árin. Í rekstri aðalskrifstofunnar felst samræming á starfi landskrifstofa á Norðurlöndunum fimm, auk starfs sem unnið er af landstengiliðum í Eystrasaltsríkjunum, Grænlandi, Færeyjum og Álandi.

Rannís sér jafnframt um styrkveitingu úr tvíhliða samstarfi milli Íslands og Noregs sem fjármagnað er af utanríkisráðuneytum landanna og er ætlað að styðja við samstarf þeirra í rannsóknum á Norðurslóðum.

**NordForsk – NordicPerMed**

Tækniþróunarsjóður tók þátt í samnorræna verkefninu Innovations in Personalised Medicine (NordicPerMed) sem er leitt af Nordforsk og fjallar um meðferð sniðna að sjúklingi út frá þverfaglegu samstarfi á heilbrigðissviði. Norrænu sjóðirnir Business Finland, Danski nýsköpunarsjóðurinn, Rannsóknarráð Noregs, Rannís, VINNOVA í Svíþjóð og NordForsk höfðu skuldbundið sig til að leggja til um 15 m. evra í verkefnið. Verkefninu bárust 40 umsóknir og voru 15 þeirra með íslenski aðild. Niðurstaðan var að sjö verkefni voru styrkt og eru þrjú þeirra með þremur íslenskum rannsóknarhópum og tveimur fyrirtækjum.

**NordForsk – Societal Security**

Norræna rannsóknáætlunin á sviði samfélagslegs öryggis er þverfagleg áætlun með það að markmiði að fjármagna rannsóknir sem taka á veikleikum og viðnámsþrótti samfélaga og getu þeirra til að takast á við áföll með vísan til forvarna, viðbragðsgetu, aðgerða og endurreisnar. En ný þekking á þessu sviði er talin nauðsynleg svo bregðast megi við margvíslegum öryggisáskorunum samtímans, svo sem umhverfisvá, netárásur o.s.frv. með viðeigandi hætti. Áætlunin er unnin í samstarfi NordForsk, Rannís, Finnsku akademíunnar, Almanna- og Almanna- stofnunar Svíþjóðar, Norska rannsóknaráðsins og Almanna- og Almanna- stofnunar Noregs.

**NordForsk – Migration and Integration**

Á vegum NordForsk er rekin þverfagleg rannsóknaráætlun sem fjármagnar rannsóknir er snúa að fólksflutningum og aðlögun innflytjenda að norrænum samfélögum. Áætluninni var komið á fót í kjölfar komu stóraukins fjölda flóttamanna til Norðurlanda síðustu ár með tilheyrandi efnahagslegum og samfélagslegum áhrifum. Auk Norðurlandanna tekur Bretland þátt í áætluninni. Síðla árs 2018 var lýst eftir umsóknum, en til stendur að úthluta um 65 milljónum norskra króna til 5-6 verkefna.



Fulltrúar Euroguidance samstarfsnetsins

**Euroguidance**

Euroguidance Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar bauð heim evrópskum samstarfsfélögum sínum í október. Tæplega 60 manns sóttu fundinn og ræddu aðferðir til þess að bæta enn þjónustuna við náms- og starfsráðgjafa. Þrjú meginþemu stóðu upp úr umræðunni: aukin menntun náms- og starfsráðgjafa sem leiðbeina fólki sem hyggur á nám eða störf erlendis, aukin upplýsingagjöf um það sem Euroguidance samstarfsnetið fæst við og hvernig nota megi betur allt það mikla fræðsluefni um náms- og starfsráðgjöf sem búið hefur verið til í Evrópu.



Rannís í heimsókn í framhaldsskóla í Reykjavík

**Kynningar á möguleikum fyrir ungt fólk**

Rannís hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að heimsækja alla framhaldsskóla landsins og kynna ungu fólki þá möguleika sem bjóðast í námi, sjálfbodaliðastörfum og rafrænni samvinnu við annað ungt fólk í Evrópu. Þá er Upplýsingastofa um nám erlendis kynnt sem og Europass ferilskráin sem til er á 27 tungumálum. Rannís tók einnig þátt í Alþjóðadögum HÍ og HR og Framadögum HR.

**Rannís stýrir þátttöku í NOS-verkefnum:**

**NOS-N** er samstarfsvettvangur á vegum fjármögnunaraðila rannsókna í raunvísindum og náttúruvísindum á Norðurlöndum. Haldnir voru tveir fundir á árinu, sá fyrri í Osló dagana 30.-31. maí en sá seinni í Kaupmannahöfn 13.-14. nóvember. Á fundinum í Kaupmannahöfn var haldið upp á 50 ára afmæli NOS-N sem var stofnað árið 1967 af rannsóknarráðum í náttúruvísindum í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi en Ísland gerðist ekki meðlimur fyrr en 20 árum seinna, eða árið 1987.

**NOS-M** er samstarfsvettvangur í heilbrigðisvísindum á vegum fjármögnunaraðila rannsókna á Norðurlöndunum. Haldnir voru tveir fundir á árinu, í Turku í Finnlandi og í Kaupmannahöfn. Þema fundarins í Turku var jafningjamat og þema fundarins í Kaupmannahöfn var mat á klínískum rannsóknum.

**NOS-HS** er samstarfsvettvangur í hug- og félagsvísindum á vegum fjármögnunaraðila rannsókna á Norðurlöndunum. Rannsakendur í hug- og félagsvísindum og skyldum greinum geta sótt um styrki til að halda norrænar vinnustofur. Haldnir voru tveir fundir á síðasta ári, í Kaupmannahöfn og í Helsinki. Efni fundarins í Kaupmannahöfn var um áhrif áhrifamats.

**ALPJÓÐLEGA NORÐURSKAUTSVÍSINDANEFNDIN (IASC)**

Skrifstofa Alþjóðlegru norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC) hóf annað starfsár sitt í rannsóknarhúsinu að Borgum á Akureyri, samkvæmt samkomulagi á milli nefndarinnar og Rannís. Auk vísindastofnana í norðurskautsríkjunum átta eiga aðild að IASC vísinda- og rannsóknarstofnanir í Austurríki, Bretlandi, Frakklandi, Ítalíu, Japan, Hollandi, Indlandi, Póllandi, Portúgal, Kína, Kóreu, Spáni, Sviss, Tékklandi og Þýskalandi. IASC stuðlar að samstarfi um vöktun og rannsóknir á norðurslóðum. Sem áheyrnaraðili að Norðurskautsráðinu gegnir nefndin mikilvægu hlutverki við miðlun upplýsinga frá vísindasamfélaginu til ráðsins um niðurstöður rannsókna á breytingum í náttúrufari norðurslóða. Eitt helsta samstarfsverkefni Norðurskautsráðsins og IASC er Sustaining Arctic Observing Networks (SAON) en tilgangur samstarfsins er að efla og styðja uppbyggingu á samræmdum og alþjóðlegum vöktunar- og upplýsingakerfum sem ná til alls norðurskautssvæðisins.

Starfsemi IASC fer að miklu leyti fram í fimm vinnuhópum, um landræn kerfi, gufuhvolf, hafvísindi, mann- og félagsvísindi og fræðhvolf. Þátttakurikinn útnefna að jafnaði tvo meðlimi í hvern vinnuhóp. Þeir eru í senn fulltrúar innlendra vísinda- og rannsóknarstofnana gagnvart hinu alþjóðlega vísindasamfélagi, sem og talsmenn IASC og helstu tengiliðir við starfsemi vinnuhópanna.

Hóparnir funda, ásamt vísindaráði IASC, að vori ár hvert á vikulangri vísindaráðstefnu (ASSW – Arctic Science Summit Week) til að leggja línurnar og móta



Íslenskt skólasamfélag tekur virkan þátt í eTwinning

**eTwinning hápunktar ársins:**

- Skráningar 2018 (aldrei fleiri á einu ári)
- Fjórir eTwinning skólar
- Fjöldi kennara á erlendar vinnustofur

eTwinning er stærsta starfssamfélag kennara og skólafólks í Evrópu með rúmlega 684 þúsund þátttakendur frá 44 löndum – og fer þeim ört fjölgandi. Samfélaginu er ætlað að efla rafrænt samstarf milli skóla, kennara og nemenda í Evrópu, auka notkun upplýsingatækni og styðja við skólaþróun. eTwinning býður upp á aðgengilegan samfélagsvæf á netinu fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara þar sem hægt er að komast í samband við kennara, taka þátt í einföldum samstarfsverkefnum sem unnin eru á öruggu netsvæði og sækja sér endurmenntun, bæði á netnámskeiðum og vinnustofum erlendis.

stefnuna í starfi IASC. Árið 2020 verður ASSW haldið á Akureyri og er von á yfir þúsund manns í það heila. Rannís heldur utan um skipulag ASSW 2020, með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og fleiri aðilum.

Á skrifstofu IASC starfa þrjár sérfræðingar í málefnum norðurslóða, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Skrifstofan styður við og nýtur góðs af þeirri sérfræðiþekkingu sem byggst hefur upp á Akureyri og liggur til grundvallar öflugri norðurslóðasamfélaga á svæðinu. Til marks um samstarf IASC og annarra stofnana og skrifstofa sem reka starf sitt á Akureyri má nefna sameiginlega vísindastyrki sem CAFF, vinnuhópur Norðurskautsráðsins um verndun lífríkis, og IASC veittu til tveggja ungra vísindamanna, til að taka þátt í starfi stofnananna.



## VIÐBURÐIR



### RANNSÓKNAPING

Rannís skipuleggur árlega Rannsóknþing í samstarfi við Vísinda- og tækniráð þar sem tekin eru fyrir stefnumál á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Rannsóknþing var haldið að þessu sinni fimmtudaginn 17. maí á Grand Hótel Reykjavík og var yfirskriftin í ár: Áherslur í vísindum. Samfélagsleg áhrif markáætlunar. Umfjöllunarefnið var Markáætlun um öndvegissettur og klasa 2009-2015.

Á þinginu var rætt um reynsluna af markáætlun og hvert stefnir. Markáætlun 2009-2015 studdi við þrjá rannsóknaklasa og öndvegissettur og kynntu verkefnisstjórar verkefnanna sem urðu fyrir valinu niðurstöður og árangur þeirra svo draga

mætti lærdóm af. Um var að ræða: GEORG - Geothermal Research Group sem er alþjóðlegur rannsóknaklassi á sviði jarðhita, Vitvælastofnun Íslands og EDDU sem er öndvegissettur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum. Í kjölfarið voru svo pallborðsumræður um forgangsroðun í vísindum, en unnið er að undirbúningi nýrrar markáætlunar.



### Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs voru afhent á Rannsóknþingi við hátíðlega athöfn, en verðlaunin eru veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað framúr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi.

Dr. Páll Melsted, prófessor við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, hlaut viðurkenninguna að þessu sinni, en Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs, afhenti verðlaunin.



### VORFUNDUR TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐS

Vorfundir Tækniþróunarsjóðs eru einskonar uppskeru-hátíð, þar sem fagnað er árangri allra sem koma að nýsköpun og tækniþróun.

Vorfundur Tækniþróunarsjóðs 2018 var haldinn fimmtudaginn 7. júní í Petersen svitunni í Gamla bíói, undir yfirskriftinni Náðu lengra – út í heim – með Tækniþróunarsjóði.

Ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ávarpaði fundinn og erindi fluttu Páll Ragnar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Oculis á Íslandi, sem sagði sögu fyrirtækisins frá örlitlum sprota yfir í fremstu röð augnlyfjapróunar á alþjóðamarkaði og Guðmundur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar Google Assistant, sem sagði reynslusögur úr Kísildalnum. Hrud Gunnsteinsdóttir stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs var fundarstýra og fór hún ásamt Sigurði Björnssyni yfir nýtt áhrifamat sjóðsins og úthlutun vorsins.

Að loknum erindum var boðið upp á lifandi tónlist og fundargestir áttu gott spjall saman um ýmsar hliðar nýsköpunar.



### NÝSKÖPUNARÞING

Nýsköpunarþing er haldið ár hvert í samstarfi Rannís, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Umfjöllunarefni Nýsköpunarþings hverju sinni tengist rannsóknum, þróun og markaðsmálum. Umræðuefni Nýsköpunarþinganna hefur því ávallt verið valið með það í huga að ýta undir skilning manna á samspili vísinda, tækni og þekkingar annars vegar og framleiðslu og markaðsstarfs hins vegar.

Nýsköpunarþing 2018 var haldið, fyrir fullu húsi, 30. október á Grand Hótel Reykjavík og var umræðuefnið: Nýjar lausnir – betri heilsa?

Ræðumenn á þinginu voru Bogi Eliassen, framtíðarfræðingur og sérfræðingur hjá Copenhagen Institute for Futures Studies, Egill Másson, framkvæmdastjóri Akthelia, Perla Björk Egilsdóttir, framkvæmdastjóri 3Z, Pétur Már Halldórsson, framkvæmdastjóri Nox Medical, Tryggvi Þorgeirsson, læknir og framkvæmdastjóri SidekickHealth og dr. Sjöfn Sigurgísladóttir, framkvæmdastjóri SagaNatura.

Rauði þráðurinn í erindum þingsins voru vangaveltur um nauðsyn nýsköpunar í heilbrigðismálum og meðal annars var fjallað um áskoranir, tækniþróun og nýjungar í þessum mállefnum á Íslandi og strauma og stefnu í nýsköpun.



### Nýsköpunarverðlaun Íslands

Nýsköpunarverðlaun Íslands eru veitt á Nýsköpunarþingi, en þau hlýtur fyrirtæki sem þykir hafa skarað fram úr í þróun nýrrar vöru eða þjónustu, sem byggð er á rannsóknar- og nýsköpunarstarfi og náð hefur árangri á markaði. Fyrirtækið Kerecis hlaut verðlaunin í ár. Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og forstjóra Kerecis, veitti verðlauninum viðtöku úr hendi Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.



Fjöldi gesta tók þátt í Vísindavöku 2018

## VÍSINDAVAKA

Vísindavaka Rannís sneri aftur á árinu 2018 eftir nokkurt hlé, en Vísindavakan hefur unnið sér sess sem einn stærsti viðburður sem Rannís stendur fyrir. Vísindavakan var haldin í Laugardalshöll föstudaginn 28. september, auk þess sem haldin voru nokkur vísindakaffi í aðdraganda vökkunnar. Á Vísindavöku er almenningi boðið upp á sannkallaða vísindaveislu, en þar mætir okkar fremsta vísindafólk til að sýna og segja frá rannsóknum og nýsköpun á lífandi og gagnvirkan hátt. Markmiðið með Vísindavökunni er að færa vísindin nær almenningi, kynna manneskjurnar á bak við vísindin og vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi rannsókna- og vísindastarfs í nútímasamfélagi. Allar vísindagreinar eru kynntar á Vísindavöku, hugvísindi jafnt sem raunvísindi.

Á Vísindavöku kynnti vísindafólk frá nærri 50 stofnunum, háskólum og fyrirtækjum tæplega 100 rannsóknarverkefni fyrir almenningi á lífandi og skemmtilegan hátt. Gestir fengu að skoða og prófa ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir, skoða afurðir verkefna og spjalla við vísindafólkið.

Rannís stendur fyrir Vísindavöku á Íslandi, en hún er haldin samtímis í 340 borgum og bæjum Evrópu undir heitinu European Researchers' Night. Verkefnið er styrkt af Marie Skłodowska-Curie undirráætlun Horizon 2020 auk þess sem mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti líka vökkuna að þessu sinni.

### Vísindakaffi

Í aðdraganda Vísindavöku var helt upp á fimm vísindakaffi, en markmiðið með þeim er að vísindafólk segi frá rannsóknum á óformlegan hátt. Gestir fá tækifæri til að taka þátt í kaffihúsaspjalli um rannsóknir og spyrja vísindafólk spjörum úr.

Þrjú vísindakaffi voru haldin á Kaffi Læk í Reykjavík, eitt á Rannsóknasetri HÍ á Skagaströnd og eitt á Kaffi Kind, Sauðfjársetrinu á Ströndum. Yfirskrift fyrsta vísindakaffisins var Engill dauðans, en þar sögðu smitsjúkdómalæknarnir Magnús Gottfredsson, Bryndís Sigurðardóttir og Ólafur Guðlaugsson frá rannsóknum á spænsku veikinni 1918 og áskorunum samtímans. Fyrirboðar eldgosa var efni Freysteins Sigmundssonar frá Jarðvísindastofnun HÍ og á þriðja vísindakaffinu veltu Kristinn R. Þórisson

og Þröstur Thorarensen frá HR og Vitvælastofnun Íslands fyrir sér hlutverki gervigreindar í sjálfvirkum samfélagi. Á Skagaströnd sagði Vilhelm Vilhelmsson frá rannsóknum á sögu íslenskrar alþýðu, frá vesturheimsferðum og vistarbandi, glæpum og Grænlandsferðum og á Kaffi Kind á Ströndum sagði Jón Jónsson frá sögum af sérkennilegu fólki sem flakkaði um landið fyrir á öldum og rannsóknum á viðhorfi til förufélks í sögnum og samfélagi.

### Viðurkenning fyrir vísindamiðlun

Viðurkenning Rannís fyrir vísindamiðlun 2018 var veitt á Vísindavöku og afhenti Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra viðurkenninguna fyrir hönd Rannís. Viðurkenninguna hlaut sjónvarpsþáttaröðin Fjársjóður framtíðar, en þættirnir eru framleiddir af Háskóla Íslands fyrir RÚV, með það að markmiði að miðla vísindum til almennings.

Markmiðið með þáttaröðinni um Fjársjóð framtíðar er að auka áhuga og þekkingu almennings á öllum aldri á vísindum og nýsköpun og að landsmenn skynji og skilji mikilvægi þessara þátta fyrir velferð samfélagsins.



Frá afhendingu Viðurkenningar fyrir vísindamiðlun 2018

Í takt við áherslu Vísindavöku Rannís, þá er vísindafólkið sjálft í forgrunni í þáttunum, þar sem það miðlar rannsóknum sínum til almennings. Viðurkenning fyrir vísindamiðlun er veitt fyrir að standa ótulllega að því að miðla vísindum og fræðum til almennings á áhugaverðan hátt.



## MANNAUÐUR

Í árslok 2018 voru starfsmenn Rannís 49 í 47,25 stöðugildum með forstöðumanni.


Dreifing mannaúðs á milli sviða

SVIÐ	Fj. starfsm.	Stg.	KVK Stg.	KK Stg.
Rekstrarsvið	9	8,45	6,7	1,75
IASC skrifstofa	2	1,75	0	1,75
Mennta- og menningarsvið	20	19,8	12,8	7
Alþjóðasvið	5	4,25	2,6	1,65
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	13	13	7,2	5,8
	49	47,25	29,3	17,95

Níu starfsmenn unnu á rekstrarsviði í 8,45 stöðugildum að forstöðumanni meðtöldum. Á árinu var starfshlutfall í afgreiðslu aukin um 0,7 stöðugildi. Skjalastjóri sem gegndi 50% starfi lét af störfum síðla árs og var staðan ómönnuð í árslok 2018 en nýr skjalastjóri hefur störf í ársbyrjun 2019. Engin breyting varð í starfsmannahaldi á skrifstofu Alþjóðlegu norðurskautsvisindanefndarinnar (IASC) á milli árunna 2017 og 2018 en þar eru tveir starfsmenn í 1,75% stöðugildum. Auk þess starfar þar sérfræðingur samkvæmt samkomulagi við Norðurslóðanet. Á mennta- og menningarsviði hélst starfsmannafjöldinn óbreyttur á milli ára eða 20 starfsmenn en stöðugildin jukust um 0,3 eða í 19,8 í árslok 2018. Fjórir starfsmenn sviðsins hættu á árinu, en þeir voru í 3,7 stöðugildum og voru fjórir starfsmenn ráðnir í staðinn í 4 stöðugildi.

Í árslok 2018 voru starfsmenn alþjóðasviðs fimm talsins í 4,25 stöðugildum. Starfsmannafjöldinn hélst óbreyttur á milli ára. Einn starfsmaður sviðsins hætti vegna aldurs, annar kom úr leyfi en hafði áður gegnt starfi fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis í Brussel. Hálf stöðugildi færðist frá alþjóðasviði yfir á rannsókn- og nýsköpunarsvið. Á rannsókn- og nýsköpunarsviði voru 13 starfsmenn í árslok í 13 stöðugildum. Starfsfólki sviðsins fjölgaði um einn starfsmann í fullu starfi þegar hugbúnaðar-sérfræðingur var ráðinn til starfa. Á sviðinu létu alls þrjú starfsmenn af störfum á árinu í 3 stöðugildum þar af einn vegna aldurs. Þrjú starfsmenn voru ráðnir í stað þeirra sem létu af störfum í jafnmörg stöðugildi.

Fjöldi starfsmanna og stöðugildi 2016 - 2018



Fjöldi starfsmanna hélst óbreyttur á milli árunna 2017 og 2018 en stöðugildum fjölgaði um 1,01 á sama tímabili. Hálf stöðugildi var ómannað í árslok.

Af 47,25 stöðugildum í árslok 2018 voru sérfræðingar í 35,45 stöðugildum, almennir starfsmenn í 6,8 stöðugildum og fjölgaði um 1 stöðugildi frá fyrra ári, sviðsstjórnar í 4 stöðugildum auk forstöðumanns.

Raunstarfsmannavelta var 16% á árinu 2018 sem er mun hærra en undanfarin ár. Alls hættu 11 starfsmenn á árinu, þar af fóru tveir á eftirlaun.

### LÍFALDUR STARFSMANNA OG ALDURSDREIFING

Meðalaldur starfsmanna í árslok 2018 var 49,7 ár. Meðalaldur kvenna var 50,8 ár og karla 47,8 ár. Flestir starfsmenn eða 32,6% eru á aldursbilinu 51-60 ára, 22,5% eru á aldrinum 41-50 ára, 20,4% eru á aldrinum 31-40 ára, 18,4% eru á aldrinum 61-70 ára og 6,1% eru 30 ára og yngri.

Heildar-fjöldi starfsm.	Fjöldi 30 ára og yngri	Fjöldi 31-40 ára	Fjöldi 41-50 ára	Fjöldi 51-60 ára	Fjöldi 61-70 ára
49	3	10	11	16	9
100,0%	6,12%	20,41%	22,45%	32,65%	18,37%

### FRÆÐSLA INNAN RANNÍS

Rannís leggur áherslu á að bjóða starfsfólki sínu fjölbreytta fræðslu með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði, ásamt því að bæta í senn árangur og starfsánægju. Fræðsluáætlun var unnin fyrir árið í heild og í boði voru fjölbreytt námskeið. Má þar nefna:

Notkun sniðmáta í GoPro – örnámskeið

Útgáfustjórnun í GoPro – örnámskeið

Outlook – tíma og verkefnastjórnun, leiðbeinandi Halldór Kristjánsson, Tölvu- og verkfræðipjónustunni

Góð samskipti á vinnustað, leiðbeinandi Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur

Almenn verkefnastjórnun, leiðbeinandi Halldór Kristjánsson, Tölvu- og verkfræðipjónustunni

Mitt allra besta – hvernig getum við verið besta útgáfan af okkur, fyrirlesari Bjartur Guðmundsson

Til móts við þróttmikið þriðja æviskeið, leiðbeinandi Hans Kr. Guðmundsson

Áætlanagerð í Navision, fyrir stjórnendur

Auk þess var nýliðafræðsla í janúar og október fyrir nýja starfsmenn Rannís þar sem farið var yfir lykilmátriði í starfseminni.

Heilsudagar voru haldnir tvisvar á árinu en Rannís leggur áherslu á að skapa góðan vinnustað þar sem starfsfólki líður vel og eru heilsudagar liður í því. Á heilsudögum í apríl mætti Halldóra Björnsdóttir í eigin persónu og stýrði morgunleikfimi og Vinnuvernd var með skyndihjálparnámskeið. Boðið var upp á náttúrujoga í Grasagarðinum og jógaslökun í Rannís. Á heilsudögum að hausti var dr. Erla Björnsdóttir með fyrirlesturinn Betri svefn - grunnstoð heilsu, starfsfólk fékk kennslu í teygjum og boðið var upp á nærandi jógaæfingar og nidraslökun í Jógasetrinu. Þá fór fram árleg bóluþing gegn influensu fyrir þá sem það vildu. Á báðum heilsudögum var starfsfólki auk þess boðið að taka þátt í hlaupahópi, sjósundi, gönguferðum, fjallgöngum, plokki og morgunleikfimi.

Fjölbreytt fræðsluerindi voru flutt í fyrirlestraröðinni Fræðum og fræðumst sem er á vegum starfsfólks, en þar miðlar það þekkingu og reynslu sinni til samstarfsfólks. Efnisvalið var fjölbreytt og flutt voru erindi um: EES-styrki, tegundablöndun birkis og fjalldrapa í náttúrunni, ferð á HM 2018 í knattspyrnu, Myers Briggs persónuleikaprófið og Hawaii-ferð.

### STARFSAUGLÝSINGAR

Í árslok 2017 hafði verið auglýst eftir hugbúnaðar-sérfræðingi, gengið var frá ráðningu í það starf á fyrstu mánuðum 2018.

Alls voru 10 störf auglýst laus til umsóknar á árinu 2018. Í upphafi árs var auglýst eftir matráði í tímabundna afleysingu. Í júní voru 6 störf auglýst laus til umsóknar; 2 á mennta- og menningarsviði vegna vinnu við æskulýðsteymi og skólategymi Erasmus+ menntaáætlunarinnar, 2 störf á rannsókn- og nýsköpunarsviði vegna vinnu við Tækniþróunarsjóð, 2 störf á rekstrarsviði; starf mannaúðs- og samskiptastjóra og starf við móttöku og almenn skrifstofustörf. Í september var auglýst starf skjalastjóra.

Í nóvember voru 2 ný störf auglýst hjá Rannís í tengslum við Nordplus skrifstofuna. Gengið var frá ráðningum fyrir áramótin en starfsmennirnir ásamt nýjum skjalastjóra hefja störf á árinu 2019. Í desember var auglýst starf sérfræðings á alþjóðasviði en ekki var búið að ganga frá ráðningu í árslok 2018.

## STARFSMENN Í ÁRSLOK 2018

Aðalheiður Jónsdóttir  
Andrés Pétursson  
Anna Katrín Stefánsdóttir  
Anna R. Möller  
Ágúst Hjörtur Ingpósson  
Álfrún G. Guðrúnardóttir  
Árni Sigurðsson  
Ása Guðrún Kristjánsdóttir  
Ásta Vigdís Jónsdóttir  
Berglind Fannal Káradóttir  
Dóra Stefánsdóttir  
Elísabet M. Andrésdóttir  
Elvar Helgason  
Eyrún Helgadóttir  
Eyrún Sigurðardóttir  
Fanney Reynisdóttir  
Guðmundur Ingi Markússon  
Hallgrímur Jónasson  
Helga Dagný Árnadóttir

Herdís Þorgrímsdóttir  
Hulda Hrafnkelsdóttir  
Jón Svanur Jóhannsson  
Júlíana Grigorova Tzankova  
Kolbrún Bjargmundsdóttir  
Kristmundur Þór Ólafsson  
Lára Aðalsteinsdóttir  
Lísa Kristín Gunnarsdóttir  
Lýður Skúli Erlendsson  
Margrét Jóhannsdóttir  
Margrét K. Sverrisdóttir  
Óli Örn Atlason  
Óskar Eggert Óskarsson  
Ragnhildur Zoëga  
Rúna Vigdís Guðmarsdóttir  
Sigríður Grétarsdóttir (í leyfi)  
Sigríður M. Vigfúsdóttir  
Sigrún Ólafsdóttir  
Sigurður Björnsson

Sigurður Óli Sigurðsson  
Sólveig Sigurðardóttir  
Steinunn S. Jakobsdóttir  
Svandís Sigvaldadóttir  
Svandís Unnur Sigurðardóttir  
Vigfús Eyjólfsson  
Þorgerður Eva Björnsdóttir  
Þorsteinn Gunnarsson  
Þorsteinn Surrmeli  
Ægir Þór Þórsson

**Starfsmenn Rannís hjá IASC**  
Allan J. Pope  
Gunnar Már Gunnarsson  
Frederica Scarpa, samkvæmt samkomulagi við Norðurslóðanet

## ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

### Breytingaferli Rannís

#### 2011

Rannís falin umsýsla með rekstri Gæðaráðs háskóla og ráðgjafarnefndar Gæðaráðs háskóla.

Rannís falin umsýsla með Skattvölinun.

Rannís falið að annast umsjón með fundarsókn í rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði vísinda og rannsókna.

Rannís falið að annast umsýslu með málefnum Alþjóðlegru norðurskauts-vísindanefndarinnar (IASC).

#### 2013

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB og fleiri verkefni flytjast frá Háskóla Íslands til Rannís, ásamt norrænu menntaáætluninni og upplýsingastofu um nám erlendis.

Umsýsla 12 sjóða á sviði menntamála, menningar- og æskulýðsmála flyst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Rannís.

#### 2014

Rannís falin umsjón með Menningaráætlun ESB.

Rannís tekur að sér eigið bókhald vegna niðurlagningar SRA (skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna).

#### 2015

Rannís flytur í nýtt húsnæði.

#### 2016

Rannís tekur að sér ritarastarf fyrir Vísinda- og tækniráð og Vísindanefnd.

Undirbúningur hefst fyrir opnun skrifstofu IASC að Borgum á Akureyri.

#### 2017

Breytingar á reikningshaldi vegna nýrra laga um opinber fjármál sem tóku gildi 1. janúar.

Alþjóðlega norðurskautsvísindanefndin (IASC) opnar skrifstofu að Borgum á Akureyri. Rannís falin umsjón með rekstri skrifstofunnar.

Rannís tekur við rekstri æskulýðshluta Erasmus+ af Ungmennafélagi Íslands.

#### 2018

Barnamenningarsjóður í umsýslu Rannís.

Vinnu við stefnu Rannís til 2025 lokið.


### RANNÍS VEFURINN

Mikil og stöðug umferð mælist jafnan ár hvert á vefsíðu Rannís, rannís.is, og voru gestir síðunnar um 6.000 á mánuði á árinu, eða um 71.000 talsins yfir árið, sem er um 20% Íslendinga. Flettingar voru rúmlega 501.000.

Á vefsíðunni geta notendur nálgast allar upplýsingar um starfsemi Rannís og þá þjónustu sem stofnunin veitir. Vefurinn er uppfærður daglega og á forsiðu eru reglulega settar inn nýjar fréttir og upplýsingar um starfsemi Rannís. Áhersla er lögð á að leit sé skilvirk og styðji hratt og örugglega við notandann. Hægt er að kalla fram upplýsingar á einfaldan og öruggan hátt um alla sjóði og verkefni í umsýslu Rannís, næstu umsóknarfresti og þá viðburði sem eru á döfni. Vefurinn er því öflug gátt inn í starfsemi stofnunarinnar og hentar til skoðunar í öllum tækjum, hvort sem um er að ræða töluvskjá, spjaldtölvu eða snjallsíma.

Nokkrir stærri sjóðir hafa eigin lén sem vísa á sértækar undirsíður á Rannísvefnum. Má þar helst nefna Tækniþróunarsjóði, Horizon 2020 og Creative Europe.

Fjöldmargir aðrir vefir sem tengjast ákveðnum sérverkefnum eru í umsýslu Rannís. Sem dæmi má nefna Erasmus+, SIS.net, Vísindavöku, Eurodesk og Farabara. Erasmus+ vefurinn er systurvefur Rannís vefsins sem tengist honum í gegnum sjóðsleitina með sameiginlegum fréttum, upplýsingum um umsóknarfresti og viðburði. Gestir Erasmus+ síðunnar voru á árinu um 21.000 sem er svipaður fjöldi og árið áður. Flettingar á síðunni voru 102.502.



Mikil og stöðug umferð mælist jafnan ár hvert á vefsíðu Rannís, en þar geta notendur vefsins nálgast allar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar og þá þjónustu sem hún veitir.

## MIDLUN UPPLÝSINGA OG NÝSKÖPUN

Rafræn kynning og notkun samfélagsmiðla spila stórt hlutverk í kynningarstarfi Rannís. Samfélagsmiðlarnir Facebook, Twitter og LinkedIn voru nýttir til þess að auka sýnileika, koma skilaboðum á framfæri, opna fyrir samskipti og styðja við virkni heimasíðunnar. Mest áhersla er þar lögð á Facebook en má þar helst nefna Facebook-síðu Rannís, en einnig aðrar Facebook-síður á vegum Rannís svo sem síður Tækniþróunarsjóðs, Nýsköpunarsjóðs námsmanna og Vísindavöðunnar og einnig Erasmus+ Mennta-áætlun ESB, Erasmus+ Evrópu unga fólksins, eTwinning Ísland, EPALÉ Ísland, Creative Europe Desk á Íslandi og Europass Ísland. Einnig voru beinar útsendingar á Facebook og tíst frá nokkrum viðburðum Rannís til dæmis Rannsóknþingi og Vísindavöku.

Reglulega eru sendar út tilkynningar á póstlista Rannís en hann telur um um 3.000 manns sem skipt er niður í sjö ólíka markhópa eftir áhugasviðum áskrifenda. Send voru út 57 fréttabréf á árinu en í heildina 145 markpóstar, sem helgast að hluta til af því að farið var í herferð til að aðlaga póstlista að nýju persónuverndarlögunum.

Á árinu voru gerð myndbönd sem voru ætluð til deilingar á samfélagsmiðlum. Meðal annars gerði alþjóðasvið Rannís myndbönd fyrir

landstenglaverkefni. Í tengslum við Vísindavöku 2018 var farið í sérstaka samfélagsmiðlaferð sem skilaði miklum árangri og náði til 88.810 einstaklinga, sem er 60% af þeim heildarmarkhópi sem skilgreindur var fyrir viðburðinn. Birtingar voru alls 367.409 og áhorf á kynningarmyndbönd Vísindavöku voru 49.366.



Þrjú verkefni voru kynnt á myndböndum á Rannsóknþingi



Sprengju-Kata kynnti Vísindavökuna í ár


Talsvert var gefið út af prentuðu kynningarefni fyrir viðburði og til að kynna sjóði og áætlarnir. Einnig voru reglulega birtar auglýsingar í blöðum þar sem vakinn var athygli á viðburðum og auglýst eftir umsóknum um styrki og jafnframt notast við vefmiðla þegar við átti. Í einhverjum tilvikum voru útvarpsauglýsingar notaðar til þess að auglýsa umsóknarfresti og viðburði.



## SÝNILEIKI Í FJÖLMIÐLUM

Starfsemi Rannís var vel sýnileg í fjölmiðlum árið 2018. Alls var fjallað um Rannís í 202 fréttum/greinum. Þar af voru 102 í netmiðlum, 65 í prentmiðlum, 31 á sérvefjum og 4 í sjónvarpi/útvarpi. Þetta er tölverð aukning á umfjöllun í fjölmiðlum frá árinu áður, einkum á netmiðlum en þar var um 54% aukningu að ræða. Einnig fengu fréttir af Rannís talsverða útbreiðslu á Facebook, og vísað var í nafn Rannís tæplega 9.000 sinnum þar.

Það sem helst vekur athygli fjölmiðla eru stórar úthlutanir til ákveðinna verkefna, svo sem úr Tækniþróunarsjóði, Rannsóknasjóði, Erasmus+ og listamannalaun. Í tengslum við það beinast þá sjónir fjölmiðla að framúrskarandi verkefnum sem unnið hafa styrki úr sjóðum sem heyra undir Rannís. Einnig vekja athygli viðburðir á vegum Rannís svo sem Vísindavaka, Rannsóknþing, Nýsköpunarþing og Vorfundur Tækniþróunarsjóðs og veiting viðurkenninga eins og Hvatningaverðlauna Vísinda- og tækniráðs, Viðurkenninga fyrir vísindamiðlun, Nýsköpunarverðlauna Íslands og Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.



Árið 2018 voru nærri 20.000 heimsóknir á vefinn FaraBara.is


Upplýsingastofa um nám erlendis rekur vefsíðuna FaraBara.is ásamt Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE). FaraBara veitir upplýsingar um námsmöguleika erlendis. Um 27.000 gestir heimsóttu síðuna á árinu sem var metfjöldi heimsóknna frá því síðan var stofnuð. Einnig kynnti Rannís Upplýsingastofuna og vefsíðuna niú sinnum í menntaskólum og háskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Upplýsingastofa veitir upplýsingar og aðstoðar viðskiptavinum í gegnum síma, tölvupóst og með því að taka á móti fólki í viðtöl. Samskiptin fara aðallega fram í gegnum tölvupóst. Algengustu spurningarnar sem bárust Upplýsingastofu á árinu sneru að námi í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku, og svo um TOEFL enskuprofið, en Upplýsingastofa er ein af örfáum aðilum sem lánar æfingagögn fyrir prófið.



EPALÉ  
EPALÉ vefgátt fagfólks í fullorðinsfræðslu er ætluð kennurum, leiðbeinendum, þeim sem sinna stefnumótun, fræðimönnum og öðru áhugafólki um fullorðinsfræðslu. Stofnanir eða félagasamtök sem sinna fullorðinsfræðslu eða framhaldsfræðslu og vilja fylgjast með þróun kennsluhátta á Evrópuvísu eru virkir þátttakendur á EPALÉ, svo sem leiðbeinendur á símenntunarmiðstöðvum víða um land. Sífellt fjölgar skráðum notendum á Íslandi og voru þeir ríflega 200 í lok árs 2018. Heildarfjöldi skráðra notenda í Evrópu er um 50.000 manns.

Á EPALÉ eru ákveðin þemu tekin fyrir í 2-3 mánuði í senn og árið 2018 var meðal annars deilt margvíslegu efni um listir og menningarmenntun, menntun innflytjenda, fjölmiðlalæsi, námsráðgjöf, aðlögun, menntun fanga, raunfærnimat, starfsþróun og sjálfbodaliða, svo nokkuð sé nefnt.

Á EPALÉ er hægt að fylgjast með fréttum og viðburðum, taka þátt í umræðum og deila reynslu sem nýtist fagfólki í fullorðinsfræðslu um alla Evrópu. EPALÉ fréttabréf kemur út mánaðarlega og fréttir eru birtar á Facebook á síðunni EPALÉ Ísland.



Á Facebook-síðu Rannís eru birtar ýmsar fréttir úr starfsemi Rannís, svo sem upplýsingar um viðburði, umsóknarfresti, námskeið, kynningar og verkefni sem framundan eru.






## UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI

Umsókna- og upplýsingakerfi Rannís gegnir margþættu hlutverki. Í fyrsta lagi að taka á móti umsóknum og öðrum rafrænum gögnum sem tengjast framgangi umsókna, þá að halda utan um fagráðskerfi matsmanna, sem eru allir utan Rannís, og loks að veita upplýsingar til stjórnvalda og almennings um styrki og starfsemi sjóða í vörslu Rannís eftir því sem við á.

Notendur kerfisins skipta þúsundum. Umsóknum fjölgaði nokkuð frá árinu áður, en heildarfjöldi umsókna um styrki á árinu 2018 var tæplega 4200. Matsmenn sjóða og stjórnir eru bæði innlendir og erlendir aðilar en þeir eru um 1000 talsins.

Hver aðili í kerfinu er með aðgang í það minnsta að einni umsókn og allt að tugum umsókna. Innlendir notendur ásamt flestum stjórnnum og fagráðum sjóða fá aðgang að umsóknarsíðum Rannís í gegnum rafrænu gáttina Island.is, en erlendir aðilar sækja um í gegnum aðra gátt sem sett var upp í samstarfi við rekstraraðila Island.is. Aðgangi er stýrt að þeim verkefnum sem við á og þess gætt að matsmenn og stjórnarmenn hafi ekki aðgang að umsóknum þar sem lýst er yfir vanhæfi eða þegar umsækjendur

### YFIRLIT YFIR INNSENDAR UMSÓKNIR Í INNLENDRA SJÓÐI



Á árinu bættist við í umsjón og umsýslu hjá Rannís Markáætlun í tungu og tækni. Hlutverk áætlunarinnar er annars vegar að vernda og efla íslenska tungu og hins vegar að auðvelda nýtingu nýrrar samskiptatækni í íslensku samfélagi, til hagsbóta almennings, stofnunar og fyrirtækjum. Gerð voru bæði ný umsóknarkerfi og fagráðskerfi fyrir Markáætlunina og fengu 40% af innsendum umsóknum úthlutað styrkjum til þróunar og vinnu til hagsbóta íslenskrar tungu.

óska eftir því að tilgreindir matsmenn eða stjórnarmenn lesi ekki umsóknir þeirra. Innan kerfisins vinna starfsmenn Rannís, aðgangur að gagnagrunnum er læstur öðrum en þeim sem vinna við umsjón og þróun kerfisins.

Á árinu var fagráðskerfi fyrir Rannís endurgert og er það komið í notkun hjá Rannís sjóði og Tækniþróunarsjóði auk listamannalauna. Þetta kerfi hefur fengið mjög góðar undirtektir hjá bæði starfsmönnum Rannís sem og fagráðum sjóða og stjórnnum, það eykur öryggi gagna og rétt aðgangi að upplýsingum. Kerfið mun fara í notkun hjá öllum innlendum sjóðum í vörslu Rannís. Verið er að endurnýja umsýslukerfin auk úthlutunarsíðu Rannís. Á árinu bættist við umsýsla vegna Markáætlunar í tungu og tækni og tilnefningar til Nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri. Hafist var handa við undirbúning vegna Barnamenningarsjóds. Fjórir starfsmenn, auk tæknilegs ráðgjafa eftir þörfum, vinna við upplýsingakerfið.

## REKSTUR

Heildartekjur Rannís voru 829,2 milljónir kr. á árinu. Þar af var ríkisframlagið 362,1 m.kr eða 43,7% af heildartekjum.

Heildarsértekjur Rannís voru 467,1 m.kr., eða 56,3% af heildartekjum. Stærsti hluti sérteknanna kom frá erlendum opinberum aðilum 224,4 m.kr. eða 27,1% af heildartekjum Rannís. Innbyrðis framlög á milli A-hluta stofnana námu 184,1 m.kr., eða 22,2%. Sjá nánar hlutfall skiptingu tekna sem hlutfall af heildartekjum í töflunni hér á eftir.

Tekjur í m.kr.		
Ríkisframlag	362,1	43,7%
Erlendir opinberir aðilar	224,4	27,1%
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	184,1	22,2%
Endurgreiddur ferðakostnaður	9,3	1,1%
Funda- og ráðstefnutekjur	7,4	0,9%
Kostnaðarhlutd. í sameiginlegri þjónustu	8,2	1,0%
Aðrar sértekjur	25,7	3,1%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	8,0	1,0%
<b>Tekjur alls</b>	<b>829,2</b>	<b>100,0%</b>

Heildargjöld Rannís voru 836,9 milljónir, þar af er stærsti gjaldaliðurinn laun, launatengd gjöld og orlofsskuldbinding í árslok alls 518,4 m.kr. eða 61,9%. Meðal stærstu einstakra gjaldaliða fyrir utan launaliðinn er húsaleiga og tengdur kostnaður 57,6 m.kr eða 6,9%, sérfræðiþjónusta 57,5 m.kr. eða 6,9% og ferðakostnaður og uppihald erlendis var 46,5 m.kr. eða 5,6%. Sjá nánari skiptingu gjalda sem hlutfall af heildargjöldum Rannís í töflu hér á eftir.

Gjöld í m.kr.		
Laun og tengd gjöld	518,4	61,9%
Ferðakostnaður og uppihald erlendis	46,5	5,6%
Ferðakostnaður og uppihald innanlands	8,4	1,0%
Húsaleiga og tengdur kostnaður	57,6	6,9%
Sérfræðiþjónusta	57,5	6,9%
Tölvumál	32,4	3,9%
Funda- og ráðstefnukostnaður	18,4	2,2%
Auglýsingar, myndbandagerð og birtingar	15,8	1,9%
Tilfærslur	11,7	1,4%
Annar kostnaður ótilgreindur	62,2	7,4%
Afskriftir	8,0	1,0%
<b>Gjöld alls</b>	<b>836,9</b>	<b>100,0%</b>

Rekstrarniðurstaða ársins var halli upp á 7,7 milljónir króna.

Á árinu voru farnar alls 255 millilandaferðir á fundi á vegum Rannís, sem eru fimm fleiri ferðir en á árinu 2017. 32 ferðir voru tengdar Gæðaráði háskóla þar af 28 ferðir erlendra sérfræðinga vegna funda Gæðaráðs ásamt ferðum vegna úttekta á matskerfi opinberra háskóla og viðurkenninga á doktorsnámi. 15 ferðir voru farnar á vegum skrifstofu IASC, 6 fleiri en árið 2017.

200 ferðir voru farnar til að sækja fundi og ráðstefnur erlendis, 105 á vegum mennta- og menningarsviðs, þar af 2 af ytri sérfræðingum. 95 ferðir voru farnar á vegum alþjóðasviðs, þar af voru 29 ferðir farnar af ytri sérfræðingum. 8 ferðir voru farnar á vegum rannsókn- og nýsköpunarsviðs.

Ferðadagar starfsmanna og ytri sérfræðinga Rannís voru alls 675,5 og hver ferð var 3,2 dagar að meðaltali. Stystu ferðirnar tóku einn dag en þær lengstu átta daga.

Stærsti hluti ferðanna er endurgreiddur af ESB annaðhvort með beinu framlagi sem bæði er fyrir vinnu og/eða kostnað í viðkomandi verkefni eða í gegnum beina endurgreiðslu á ferðakostnaði fyrir utan vinnulaun.

Millilandaferðir á vegum Rannís	Fjöldi
Alþjóðasvið	95
Mennta- og menningarsvið	105
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	8
Gæðaráð háskóla	32
IASC	15
Alls	255

### SKJALA- OG GAGNASAFN RANNÍS

Á árinu tilkynnti Rannís skjalakerfið GoPro Foris til Þjóðskjalasafns Íslands (PI) og fékk það samþykkt. Samþykktinni fylgir heimild til rafrænna skila en í leiðbeiningum PI um rafræn skjalakerfi segir: „Tilkynningarskylda á rafrænum skjalavörslukerfum er til að tryggja að skipulag og uppbygging kerfanna uppfylli kröfur um aðgengi og notkun skjalasafna í Þjóðskjalasafni um alla framtíð, það er að gögnin úr kerfunum verði aðgengileg til notkunar hvort sem er eftir 50 ár eða 500 ár.“

Nýr málalykill var einnig samþykktur af Þjóðskjalasafni á árinu. Með tilkomu hans hefst nýtt skjalatímabil sem varir í fimm ár.

Staða stofnaðra mála 2015-2018				
Ár	2015	2016	2017	2018
Opin mál (samþykkt, í bið, í vinnslu)	1.947	2.262	3.696	2.869
Lokuð mál (hafnað, dregin til baka, lokið)	3.361	1.175	3.925	3.183
Fjöldi stofnaðra mála	5.308	3.437	7.621	6.052

Á árinu 2018 voru 6.052 mál stofnuð í GoPro, þar af var búið að loka 3.183 málum í árslok og 2.869 voru opin.

Skjalasafnið rúmar um 400 hillumetra af gögnum eða um það bil 6.000 skjalaöskjur. Í dag nýtir Rannís um 36% eða 2.178 öskjur. Gengið er frá skjölum í sýrufríar arkir og skjalaöskjur samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns.

### NÝTING FUNDARHERBERGJA HJÁ RANNÍS

Á árinu voru bókaðir 1.343 fundir í fundarherbergi Rannís eða 147 fleiri en árið á undan. Flestir fundir voru bókaðir í janúar eða 163 fundir, nóvember 154 fundir, febrúar 134 fundir og júní 130 fundir. Fæstir fundir voru bókaðir yfir hásumarið eða 36 fundir í júlí og 66 fundir í ágúst.

Að meðaltali voru bókaðir 5,2 fundir á dag á árinu 2018 eða tæplega 112 fundir á mánuði. Að jafnaði fjölgaði fundum um 12 á mánuði frá 2017. Töluvert er um að fundarherbergi séu notuð án þess að þau séu bókuð fyrirfram, ekki er gert ráð fyrir þeirri notkun í fjölguninni hér fyrir neðan.

	Fjöldi bókaðra fundarherbergja pr. mán.	Hlutfall notkunar pr. mán.
Janúar	163	12%
Febrúar	134	10%
Mars	110	8%
Apríl	111	8%
Mái	127	9%
Júní	130	10%
Júlí	36	3%
Ágúst	66	5%
September	112	8%
Október	96	7%
Nóvember	154	11%
Desember	104	8%
Samtals árið	1.343	100%

### FUNDARVEITINGAR

Á árinu voru framreiddar 2.892 veitingar fyrir fundar gesti á vegum Rannís, allt frá te eða kaffi með eða án meðlætis og upp í hádegisverði. Fundarveitingum pr. gest fjölgaði um 315 frá 2017.

Svið	Fjöldi fundarveitinga
Rekstrarsvið	990
Mennta- og menningarsvið	850
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	847
Alþjóðasvið	205
Alls	2892

### FJÖLDI FUNDARVEITINGA EFTIR SVIÐUM

Á árinu voru alls bornar fram 990 veitingar fyrir rekstrarsvið, 850 fyrir mennta- og menningarsvið, 847 fyrir rannsókn- og nýsköpunarsvið og 205 fyrir alþjóðasvið. Mikil aukning var á fjölda veitinga á rekstrarsviði á milli ára og helgast það einkum af fundarhöldum tengdum gerð stofnanasamninga og ráðningarviðtölum.



Svipmyndir frá Nýsköpunarþingi 2018







Svipmyndir frá Vorfundi Tæknipróunarsjóðs



Svipmyndir frá Rannsóknþingi sem haldið var í maí



# ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2018

## ÁRSREIKNINGUR

### Yfirlit um afkomu ársins 2018

	2018	2017
<b>Tekjur</b>		
Framlög ríkissjóðs	362.100.000	360.045.065
Seld þjónusta	10.539.377	11.207.056
Aðrar tekjur	448.522.684	407.159.950
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	7.984.387	7.695.794
	<hr/>	<hr/>
	829.146.448	786.107.865
<b>Gjöld</b>		
Laun og tengd gjöld	518.378.429	450.168.624
Tilfærslur	11.703.645	17.586.983
Annar rekstrarkostnaður	298.790.461	278.873.645
Afskriftir	7.984.387	7.695.794
	<hr/>	<hr/>
	836.856.922	754.325.046
	<hr/>	<hr/>
<b>Afkoma ársins</b>	(7.710.474)	31.782.819

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	2018	2017
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður	20.666.714	24.410.387
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>20.666.714</b>	<b>24.410.387</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	68.822.106	26.255.877
Tengdir aðilar	96.999.965	107.982.045
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	1.044.224	309.381
Handbært fé:	101.672.762	102.683.685
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>268.539.057</b>	<b>237.230.988</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>289.205.772</b>	<b>261.641.375</b>

Eigið fé og skuldir	2018	2017
<b>Eigið fé</b>		
Hrein eign	(6.147.580)	1.562.894
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>(6.147.580)</b>	<b>1.562.894</b>
<b>Skuldir</b>		
Skammtímaskuldir:		
Tengdir aðilar	196.862.725	174.313.110
Viðskiptaskuldir	35.497.885	19.903.780
Ýmsar skammtímaskuldir	43.566.742	41.451.204
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	19.426.000	24.410.387
<b>Skuldir samtals</b>	<b>295.353.352</b>	<b>260.078.481</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>289.205.772</b>	<b>261.641.375</b>


**STUÐNINGUR** *tækni*    
 UPPBYGGING  
**SAMSTARF**  ÞJÓNUSTA  
 KENNARASKIPTI  **FRÆÐSLA**  
**STYRKIR**  *listir* **VÍSINDI**   
 ALÞJÓÐASAMSTARF  **ORKA**  
**UPPLÝSINGAR** **MENNINGARÁÆTLUN**   
 *framleiðni*  **EVROÐUSAMVINNA**  
**RÁÐGJÖF**  **ÞRÓUN** Háskólar  
**TUNGUMÁL** fyrirtæki **INNVIÐIR**  
 VERÐMÆTI  **STARFSNÁM**  
 *frankvöðlar*   




**rannís**

Rannsóknamiðstöð Íslands

Borgartún 30, 105 Reykjavík, sími 515 5800, rannis@rannis.is

